



Hlutverk félagsráðgjafa á tímum samfélagslegra áfalla

Thelma Björk Guðbjörnsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hlutverk félagsráðgjafa á tímum samfélagslegra áfalla

Thelma Björk Guðbjörnsdóttir
100987-3099

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Sigurveig H. Sigurðardóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Thelma Björk Guðbjörnsdóttir 2011

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til B.A. prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ritgerðinni er ætlað að varpa ljósi á hlutverk félagsráðgjafa á tímum samfélagslegra áfalla, í viðbúnaði sem og í uppbyggingu í kjölfar þeirra og eru ýmist erlendar sem og íslenskar heimildir nýttar til þess að ná þeim markmiðum. Samfélagsleg áföll á borð við náttúruhamfarir eru fremur tíð hér á landi og geta slík áföll haft mikla eyðileggingu í för með sér. Afleiðingar samfélagslegra áfalla geta verið gífurlegar og víðtækar á bæði einstaklinga og samfélög, auk þess að missir getur verið mikill og tilfinningalíf getur farið úr jafnvægi. Niðurstöður ritgerðarinnar eru að félagsráðgjafar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í tengslum við samfélagsleg áföll og er helsta hlutverk þeirra að stuðla að sem bestum bata einstaklinga og samfélaga, auk þess að tryggja aðgang allra að björgum. Félagsráðgjafar koma víða að í kjölfar samfélagslegra áfalla og eru þeir vel í stakk búnir til þess að veita aðstoð á slíkum stundum vegna víðsýni þeirra og þekkingargrunns. Lítið hefur verið fjallað um aðkomu félagsráðgjafa að samfélagslegum áföllum hér á landi og er mikilvægt að úr því verði bætt og að rannsóknastarf verði aukið.

Formáli

Er ég sat námskeiðið *Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp* á fyrsta námsári mínu í félagsráðgjöf kviknaði mikill áhugi á starfi félagsráðgjafa á tímum samfélagslegra áfalla og var það kveikjan að þessari ritgerð. Mikil vinna liggur að baki ritgerðarinnar og vil ég færa umsjónarmanni mínum Sigurveigu H. Sigurðardóttur, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og stuðning. Kristínu Halldórsdóttur þakka ég fyrir velvilja í minn garð og fyrir yfirlestur. Að lokum vil ég þakka mínum nánustu fyrir ómetanlega þolinmæði, stuðning og aðstoð síðastliðin þrjú ár.

Vonlaust getur það verið

Þú átt að vernda og verja,
þótt virðist það ekki fært,
allt, sem er hug þínum heilagt
og hjarta þínu kært.

Vonlaust getur það verið,
þótt vörn þín sé djörf og traust.
En afrek í ósigrum lífsins
er aldrei tilgangslaust.

Guðmundur Ingi Kristjánsson frá Kirkjubóli í Önundarfirði

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Formáli	2
Efnisyfirlit	3
1. Inngangur.....	5
2. Félagssráðgjöf, uppruni og söguleg þróun.....	7
2.1. Söguleg þróun félagssráðgjafar	7
2.2. Starfssvið félagssráðgjafa	8
3. Fræðilegur kafli um áföll og áhrif áfalla.....	11
3.1. Áfall	11
3.1.1. Samfélagslegt áfall.....	12
3.1.1.1. Hamfarir	13
3.2. Áhrif áfalla	14
3.2.1. Áhrif samfélagslegra áfalla á samfélög.....	14
3.2.2. Áhrif samfélagslegra áfalla á einstaklinga	15
3.2.2.1. Áfallastreituviðbrögð	16
3.2.2.2. Áfallastreituröskun	17
3.2.3. Jákvæð áhrif samfélagslegra áfalla.....	18
3.2.4. Íslenskar rannsóknir í kjölfar samfélagslegra áfalla.....	20
4. Viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir Almannavarna og velferðarkerfisins	22
4.1. Almannavarnir ríkisins	23
4.1.1. Þátttaka félagssráðgjafa í hamfarastjórnun og samræmingu aðgerða	23
4.2. Rauði Kross Íslands.....	25
4.3. Stuðningur í kjölfar samfélagslegra áfalla.....	26
4.3.1. Sorg og sorgarstuðningur	27
4.3.2. Áfallahjálp	28
4.3.2.1. Sálræn skyndihjálp	29
4.3.2.2. Sérhæfður stuðningur.....	31
4.3.3. Mikilvægi stuðnings við hjálparstarfsmenn.....	32

4.4.	Endurreisn samfélags og einstaklinga.....	34
4.4.1.	Endurbygging samfélags.....	35
4.4.2.	Sveitafélög	36
4.4.3.	Fjárhagsstuðningur við einstaklinga og sveitarfélög	38
4.4.3.1.	Fjárhagsaðstoð og húsnæðisaðstoð til einstaklinga.....	38
4.5.	Virkjun skynsemi meðal fjölmiðla.....	39
5.	Viðbrögð félagsráðgjafa við samfélagslegum áföllum.....	41
5.1.	Gildi faglegs undirbúnings í námi og starfi.....	41
5.2.	Að mæta þeim sem hafa mesta þörf fyrir þjónustu	43
5.2.1.	Fátækir og félagslega einangraðir einstaklingar.....	44
5.2.2.	Eldri borgarar	46
5.2.3.	Börn	47
5.2.4.	Aðrir viðkvæmir samfélagshópar	48
5.3.	Að tryggja aðgang að úrræðum	48
6.	Niðurlag	51
	Heimildaskrá	54

1. Inngangur

Áföll hafa verið hluti af sameiginlegri reynslu manna svo árum skiptir (Jenson, 2005) og hafa ýmis áföll dunið yfir íslensku þjóðina allt frá landnámi. Helstu samfélagslegu áföllin á Íslandi hafa verið snjóflóð, jarðskjálftar, eldgos, aurskriður sem og mikill veðurofsi. Samfélagsleg áföll geta haft mikla eyðileggingu í för með sér og hafa náttúruhamfarir lagt heilu byggðirnar í rúst. Afleiðingar samfélagslegra áfalla geta verið gífurleg og víðtæk bæði á einstaklinga og samfélög. Fólk hefur látið lífið, misst eigur sínar og heimili sem og að tilfinningalíf getur farið úr jafnvægi. Við samfélagsleg áföll getur allt umhverfið tekið miklum breytingum, óvissa orðið mikil og hræðsla tekið sér bólfestu í hugum margra.

Í þessari ritgerð er fjallað um sögulega þróun félagsráðgjafar og aðkomu starfsstéttarinnar að samfélagslegum áföllum. Rætt verður um þá mikilvægu þekkingu og kunnáttu sem félagsráðgjafar búa yfir og hvernig hún nýtist best á vettvangi og í þróunarstarfi. Áhersla verður lögð á þær aðferðir og tækni sem geta bætt getu, aukið tækifæri og leitt til hraðvirkari bata hjá einstaklingum, fjölskyldum, samtökum og samfélögum í kjölfar eyðileggingarinnar sem fylgir slíkum áföllum. Auk þess að fjallað verður um nám félagsráðgjafa og hvernig hægt sé að stuðla að því að þeir séu betur í stakk búnir að bregðast við samfélagslegum áföllum og þörfum einstaklinga, fjölskyldna og samfélaga við slíkar aðstæður.

Greint verður frá fræðilegum skilgreiningum á áföllum og samfélagslegum áföllum, auk þess að fjallað verður um afleiðingar þeirra. Umræðan verður að mestu tengd samfélagslegum áföllum á borð við náttúruhamfarir þar sem þær eru með algengustu samfélagslegu áföllum á Íslandi og tengjast þær mikið störfum félagsráðgjafa. Fjallað verður um sérstaka áhættuhópa og hverju sé mikilvægt að félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar séu vakandi fyrir. Fjallað verður um líklegar aðgerðir almannavarna og velferðaríkja við slíkar aðstæður og hlutverk félagsráðgjafa tengd þeim. Auk þess að rætt verður um hið mikilvæga hlutverk sem félagsráðgjafar hafa í áætlanagerð, undirbúningi og framkvæmd á siðferðislega grundvallaðri og næmri félagsþjónustu í kjölfar samfélagslegra áfalla. Lítið er fjallað um hlutverk

félagsráðgjafa í tengslum við áföll, sérlega hér á landi og mun þessi ritgerð bæta við þekkingu á sviðinu. Með þessu má ítreka gildi félagsráðgjafa í tengslum við áfallastarf. Ritgerðinni er ætlað að varpa ljósi á hlutverk félagsráðgjafa í á tímum samfélagslegra áfalla, auk þess að dýpka skilning þeirra og annarra á slíkum áföllum og afleiðingum þeirra svo hægt sé að koma betur til móts við þarfir þolenda og að bæta lífsgæði þeirra.

Um er að ræða heimildaritgerð þar sem einnahlust var notast við erlendar fræðigreinar og bækur, auk íslenskra gagna um áföll og sálræna skyndihjálp. Einnig komu lög við sögu sem og opinberar heimasíður, auk þess að niðurstöður íslenskra rannsókna voru skoðaðar. Ritgerðin skiptist í fjóra megin kafla. Sá fyrsti fjallar um uppruna félagsráðgjafar, grundvallargildi og helstu starfssvið. Auk þess fjallar hann um aðkomu félagsráðgjafa að samfélagslegum áföllum. Annar kafli samanstendur af skilgreiningum á áföllum og samfélagslegum áföllum, auk þess að líklegum áhrifum þeirra er lýst. Þriðji kafli fjallar um viðbrögð almannavarna og velferðarkerfisins og sjá fjórði um hlutverk félagsráðgjafa í kjölfar slíkra atburða. Félagsráðgjöf og málefni sem tengjast henni eru rauði þráðurinn allt í gegnum textann og að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman.

2. Félagsráðgjöf, uppruni og söguleg þróun

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um sögulega þróun félagsráðgjafar, uppruna fagstéttarinnar og grundvallargildi. Fjallað verður stuttlega um aðkomu félagsráðgjafa að samfélagslegum áföllum og helstu starfssviðum þeirra lýst.

2.1. Söguleg þróun félagsráðgjafar

Saga félagsráðgjafar spannar aðeins rúma eina öld en upphaf hennar má rekja til þeirra samfélagsbreytinga og þess félagslega aðlögunarvanda sem fylgdi iðnbyltingunni um aldamótin 1900 og heimsstyrjöldunum tveimur (Sigrún Júlíusdóttir, 2004). Í kjölfar iðnbyltingingarinnar varð skipulögð góðgerðarstarfssemi víða tekin upp af kristilegum samtökum og umbótahreyfingum. Félagsráðgjafar urðu til sem vinnuafli þessa samtaka og var það kveikjan að því að félagsráðgjöf varð að sérhæfðri starfsgrein við aldamótin 1900 (Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir, 2008).

Fram á tuttugustu öld átti félagsráðgjöf sér engan kenningarlegan grundvöll en þekking og hugmyndafræði hennar var einkum sótt til heimspekikenna og mannúðarstefna um rétt manna til heilbrigðis, mannsæmandi lífs og félagslegs jafnaðar (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008; Sigrún Júlíusdóttir, 2004). Einnig var þekkingin sótt til annarra fræðigreina á borð við félagsfræði, læknisfræði, sálarfræði, siðfræði og lögfræði (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008; Farley, Smith og Boyle, 2009).

Helsta markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandkvæða og bjóða félagslegu óréttlæti birginn (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Að vinna að félags- og tilfinningalegu jafnvægi og aukinni vellíðan (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008) í félagslegu- og samfélagslegu samhengi og stuðla að því að allir fái sínum grundvallarþörfum fullnægt, einkum þeir sem eru varnarlausir, undirokaðir og fátækir (Parker, 1999) og eru félagsráðgjafar því næmir fyrir fjölbreytileika samfélagsins (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Í ljósi markmiða félagsráðgjafa hafa þeir alla sína tíð veitt fólki umönnun og stuðning á erfiðum tímum (Newburn, 1993) og eru samfélagsleg áföll þeirri aðstoð ekki

undanskilin. Samkvæmt grein Pryce og Pryce frá árinu 2000 má rekja aðkomu félagsráðgjafa að neyðaraðstoð til hjálparstarfa á stríðstímum og áhyggjum starfsstéttarinnar af félagslegum, sálrænum og líkamlegum aðstæðum einstaklinga (Zakour, e.d.). Í kjölfarið hafa þeir einkum veitt neyðaraðstoð á tímum stríða, áfalla og kreppu (Zakour, 1996a). En eins og Jenson (2005) kom vel að orði er samúð og þjónusta hjarta félagsráðgjafar.

Meðal félagsráðgjafa er virðing fyrir gildum og sérstöðu hvers og eins í hávegum höfð og sú trú að skjólstæðingurinn sé fær um að nýta eigin hæfileika til hlítar. Samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa eru frumskyldur félagsráðgjafa að virða réttindi einstaklinga, að koma fram við þá af virðingu, heiðarleika, með trausti og án manngreiningarálits. Félagsráðgjafar skulu einnig fræða einstaklinga um réttindi, skyldur og þau úrræði sem þeim standa til boða. Félagsráðgjafar gæta trúnaðar og virða sjálfákvörðunarrétt skjólstæðinga sinna hvívetna (Félagsráðgafafélag Íslands, e.d.). Nám og starf félagsráðgjafa hefur alla tíð byggt á mikilvægi heildarsýnar. Hugmyndafræðin sem þar liggur að baki er sú að félagsráðgjafar horfa bæði á einstaklings- og umhverfisþætti þegar þeir vinna að bættum lífsskilyrðum einstaklinga, hópa og samfélaga (Farley o.fl., 2009; Lára Björnsdóttir, 2006). Þá er mikilvægt að líta á aðstæður hvers og eins frá öllum sjónarhornum og í samræmi við umhverfi hans, fjölskyldu, vini og samfélagsins í heild (Lára Björnsdóttir, 2006). Vegna mikilvægis heildarsýnar býr fagið yfir mjög yfirgripsmiklum og fjölbreyttum þekkingargrunni og margskonar starfsaðferðum (Farley o.fl., 2009) og geta þeir því sannarlega sinnt störfum á víðum vettvangi.

2.2. Starfssvið félagsráðgjafa

Íslenskir félagsráðgjafar fengu lögverndun starfsheitisins árið 1975, fyrstir félagsráðgjafa á Norðurlöndunum og er teljast þeir til heilbrigðisstarfsstétta (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Helstu starfssvið félagsráðgjafa eru í félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og í dóms- og réttarkerfi (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Fram til ársins 1981 sóttu flestir íslenskir félagsráðgjafar menntun sína til Norðurlandanna en fyrstu félagsráðgjafarnir útskrifuðust frá Háskóla Íslands árið 1982. Fagstéttin hefur verið kvennastétt að mestu hér á landi, en árið 2006 voru

karlmenn aðeins 10,2% félagsráðgjafa (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Árið 2004 reyndist stærsti hópur íslenskra félagsráðgjafa starfa við félagsþjónustu sveitarfélaga, eða um 45%. Þá störfuðu þriðjungur þeirra við heilbrigðisþjónustu og fötlunarmál, 18% við stjórnun og fræðslu, en fáir störfuðu á óvenjulegum sviðum félagsráðgjafa (Sigrún Júlíusdóttir, 2004). Flestir félagsráðgjafar vinna fyrir stofnanir þó sífellt fleiri sækja í einkageirann (Farley o.fl., 2009). Fyrstu félagsráðgjafar Íslands störfuðu hjá Reykjavíkurborg en árið 1967 var ráðinn félagsráðgjafi við Kleppsspítalann og því næst við kvennadeild Landspítalans. Stéttarfélag Íslenskra félagsráðgjafa (SÍF) var stofnað 19. febrúar 1964 en á áttunda áratuginum fjölgaði félagsráðgjöfum töluvert og jafnframt breikkaði starfsvettvangurinn (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Félagsráðgjöf er nýtt á marga vegu í umhverfi og stofnunum, til dæmis á sálfræðilega- og læknisfræðilega vegu, í hjónabands- og fjölskylduráðgjöf, á vinnustöðum sem og í tengslum við vímuefnamisnotkun. Félagsráðgjöf fer einnig stigvaxandi sem starfsstétt í hjálparþjónustu (Farley o.fl., 2009), þar sem félagsráðgjöf er upprunnin frá grasrótahreyfingum sem stöðugt brugðust við óvæntum áföllum og nýttu sér styrkleika fólks (Mathbor, 2007).

Í starfi efla félagsráðgjafar og bæta samskipti innan og milli kerfa með kunnáttu sinni í að vinna með fjölskyldutengsl og samstarfsnet með verkfærum samskiptakenninga og samúðarhæfni (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Með því móti stuðla þeir að því að samtök, samfélög og aðrar félagslegar stofnanir svari betur þörfum einstaklinga og vinni að lausn félagslegra vandamála (Parker, 1999). Félagsráðgjafar kappkosta við að tryggja öllum aðgang að upplýsingum, þjónustu og björgum, auk þess að tryggja jöfn tækifæri og jafna þátttöku einstaklinga í ákvarðanatöku. Þeir búa yfir hæfni til að beita fjölþættri nálgun og aðferðum, meðal annars í samfélagsvinnu, stjórnun þjónustustofnana og stefnumarkana í málaflokkum á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Þeir eru færir um að skipuleggja og stýra þróunarverkefnum, að framkvæma árangurs- og gæðamat og stunda rannsóknir til þess að skapa nýþekkingu í málefnum á vettvangi félagsráðgjafa. Í starfi verður félagsráðgjafinn að vera kunnugur ýmsum löggjöfum, réttindum skjólstæðinga og hlutverkum opinberra stofnana, auk þess að átta sig á hagsmunum notenda faglegrar þjónustu. Hann verður einnig að þekkja vel til formlegra sem og óformlegra bjargráða samfélagsins,

svo hann viti hvað geti komið skjólstæðinginum að gagni (Ása Fanney Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Félagráðgjöf snýst í grunninn um að hagnýta auðlindir samfélagsins til að aðstoða einstaklinga eða samfélög við að hjálpa sér sjálf (Farley o.fl, 2009). Því leitast félagráðgjafar eftir því að efla sjálfsbjargarviðleitni einstaklinga og samfélaga, auk þess að veita umhverfispáttum mikla athygli (Parker, 1999). Af þessu má sjá hversu nytsamleg starfsstéttin getur verið á tímum persónulegra sem og samfélagslegra áfalla.

3. Fræðilegur kafli um áföll og áhrif áfalla

Í eftirfarandi kafla verður fræðileg umfjöllun um áföll, samfélagsleg áföll og hamfarir, auk þess að greint verður frá þeim muni sem þar liggur á milli. Einnig verður fjallað um áhrif og afleiðingar áfalla á samfélög sem og einstaklinga og ítrekað gildi þess að fagaðilar séu meðvitaðir um slíkar afleiðingar og áhættuhópa.

3.1. Áfall

Hugtakið áfall er eitthvað sem allir kannast við en vita þó ekki endilega hvað það þýðir. Fólk notar það í daglegu tali og á þá oftast við lítilsháttar atvik. Fræðimenn nota það hinsvegar á annan og merkingarbærri hátt. Áföll eiga sér stað víðast hvar og gerast þau við sífellt flóknari aðstæður. Þeim fylgir mikil óvissa og því flóknari sem aðstæðurnar er því viðameira getur áfallið orðið (Koraeus, 2008). Erlendar rannsóknir benda til þess að um 50 til 60% manna upplifi einhverntíma á lífsleiðinni einhverskonar áfall (Kessler, Sonnega, Bromet, Hughes, og Nelson, 1995). Þar sem áföll eru eins algeng og fyrr kom fram er afar mikilvægt að skilgreina hugtakið til hlítar svo það verði ekki misnotað og jafnvel gert merkingarsnautt vegna ofnotkunar (Koraeus, 2008).

Skilgreining Crismart á áfalli er þríþátta. Í fyrsta lagi þarf að verðmætum og gildum að vera ógnað. Þá er ekki verið að vísa til óþæginda heldur gífurlegrar óhjákvæmilegrar breytingar sem mun hafa afar mikil áhrif á líf og jafnvel lífsgæði fólks. Í öðru lagi þarf mikil óvissa að ríkja, þá er ekki skortur á upplýsingum sem skiptir mestu máli heldur óvissan um það hvað hafi átt sér stað og hvað sé að gerast og það að vita ekki hvernig leysa skuli vandann eða hverjar afleiðingarnar muni verða. Í þessari óvissu er afar auðvelt að missa marks á því sem mikilvægast er og að taka rangar ákvarðanir. Í þriðja lagi þarf að ríkja mikil þörf á skjótum ákvörðunum þar sem lítill tími gefst til umhugsunar. Þá er mjög mikilvægt að bregðast hratt og örugglega við (Koraeus, 2008).

Áföll geta tekið á sig hinar ýmsu myndir en hægt er að flokka þau í tvennskonar hópa, annarsvegar snögg áföll eins og náttúruhamfarir, slys og bruna og hinsvegar áföll sem vara í lengri tíma og koma fyrir endrum eins, þá má til dæmis nefna

langvarandi veikindi, áralanga kynferðislega misnotkun, ofsóknir og stríð (Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson, 2000).

Áfall er einnig skilgreint sem sterk streituviðbrögð við óvæntum og oft hrikalegum atburði. Reynslan sýnir að náttúruhamfarir og slys hafa oft mun vægari áhrif á tilfinningalega líðan fólks en áföll sem verða af mannavöldum. Áföll af mannavöldum eru til dæmis árásir, nauðganir, rán og annað eins ofbeldi en slík áföll sitja oft fast í hugum fólks svo árum skiptir. Alvarleiki áfallsins hefur gífurleg áhrif á það hversu langvinn eftirköstin verða hjá einstaklingnum. Talað er um langvarandi ofurálag ef um langtíma áfall er að ræða en það getur átt við heimilisofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, einelti, stríðsátök og jafnvel fangabúðavist. Í kjölfar slíks ástands geta sálræn vandamál fólks orðið mjög flókin og getur sá einstaklingur þurft á strangri langtíma sálfræðimeðferð að halda (Margrét Blöndal, 2007).

Kreppukenningar Cullberg (1990) eru oft nýttar í starfi með einstaklingum til þess að vinna úr áföllum. Samkvæmt Cullberg er um að ræða áfallakreppu ef skyndilegt ytra álag ógnar lífi, félagslegri öryggiskennd eða grundvallarþörfum einstaklinga. Enn fremur á áfallakreppa sér stað þegar öll fyrri reynsla og viðbrögð gera einstaklingum ekki lengur kleift að ráða við og skilja aðstæður sínar. Cullberg segir kreppur eiga sér stað í fjórum stigum. Fyrstu tvö stigin eru loststig og viðbragðsstig og falla þau bæði undir bráðastig andlegrar kreppu. Þriðja stigið um úrvinnslu markar lok bráðastigskreppu og unnið er úr reynslunni, að lokum tekur skilningsstigið við þar sem andlega kreppan verður að hluta af lífsreynslu einstaklingsins.

3.1.1. Samfélagslegt áfall

Samfélagsleg áföll eru óútreiknanleg og geta skolið á hvar og hvenær sem er (Newburn, 1993). Þau snerta ekki einungis líf einstakra aðila heldur heilt samfélag. Það getur verið allt frá einni þjóð og niður í smáar samfélagseiningar. Helstu gerðir samfélagslegra áfalla eru náttúruhamfarir og hamfarir af mannavöldum eins og slys, fjárhagskreppa og stríð (Kessler o.fl., 1995). Hamfarir af náttúru- og mannavöldum hafa orðið tíðari og alvarlegri á undanförunum árum en slíkar hamfarir eru ákveðin krepputímabil sem hafa áhrif á fjölda fólks og heimila (Zakour, 1996a). Í dag eru áföll af völdum stríða, efnavopna, hryðjuverka, gíslataka og kjarnorkuslysa þau áföll sem

stjórn málaheimi nútímans er mest umhuga um. Með auknum samskiptaleiðum erum við mun meðvitaðri en áður um tíðni hverskonar hamfara þar sem okkur berast fréttir af hamförum víðsvegar af í heiminum (Ursano, Fullerton og McCaughey, 2001).

Á Íslandi verða helstu samfélagslegu áföllin vegna náttúruhamfara og má þá til dæmis nefna að á undanförunum rúmum hundrað árum hafa að minnsta kosti 68 náttúruhamfarir átt sér stað hér á landi. Þær náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi eru meðal annars eldgos, eldgos með jökulhlaupi, jökulhlaup án sjáanlegs eldgoss, flóð, hafís, jarðskjálftar, sjávarflóð, skriðuföll, stórrigning og snjóflóð. Snjóflóð hafa fallið víða á Íslandi og eru þau mannskæðustu samfélagslegu áföllin sem dunið hafa yfir þjóðina. Til að mynda hafa 73 manns látið lífið í snjóflóðum sem vitað er um hér á landi á undanförunum rúmum 100 árum (Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir, 2008).

Nú ríkir fjárhagskreppa á Íslandi og hafa yfirvöld frá því í október 2008, eftir hrun íslenska fjármálakerfisins, búið sig undir sálfræðilegt stórslys þar sem margir íbúar landsins eru örvæntingafullir, óhamingjusamir og jafnvel þunglyndir (Þórólfur Þórlindsson og Stefán Hrafn Jónsson, 2009). Atvinnu- og fjárhagsástand breyttist gífurlega hratt og atvinnuleysi fimmfaldaðist frá því í október til desember sama ár (Vinnumálastofnun, 2008). Ásamt því að eldgos varð á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli vorið 2010 (Ríkislögreglustjórn, 2010).

3.1.1.1. Hamfarir

Félagsráðgjafar sem hafa rannsakað hamfarir (*e. disasters*) skilgreina þær fyrst og fremst sem félagslegar raskanir og sameiginlega streitu en þó telja þeir líkamlega hættu einnig vera mikilvægan þátt (Zakour, e.d.). Streeter (1991) segir félagsráðgjafa skilgreina hamfarir sem atburði sem valda mönnum missi og þjáningu sem er nægilega mikil til þess að valda félagslegum röskunum (Zakour, e.d.). Samkvæmt bók Quarentelli frá árinu 1998 aðgreina félagsráðgjafar hamfarir frá öðrum gerðum sameiginlegrar streitu fyrst og fremst vegna þess að náttúruhamfarir eru kreppuástand (*e. crisis situations*). Samkvæmt rannsóknum á sviði félagsráðgjafar eru

átök á borð við óeirðir og stríð almennt ekki skilgreind sem hamfarir (Zakour, e.d.). Samkvæmt Britton (1987) eru hamfarir ólíkar neyðartilvikum og slysum á þann hátt að þær hafa áhrif á marga einstaklinga á sama tíma og truflun á aðstæðum er mikil. Hamfarir bera með sér verulega erfiðleika og missi (Sullivan, 2008). Skilgreining Barton (1969) á hamförum sem sameiginlegri streitu er þó algengust og því er hún gagnlegasta skilgreiningin sem notast er við í starfi og verkum félagsráðgjafa (Sullivan, 2008).

Í rannsóknum í félagsráðgjöf á hamförum er oft notast við streitu kenningaramma (*e. stress framework*) og lögð er áhersla á streituvaldinn og það kerfi sem fyrir honum varð en þó eru umhverfispættir ekki útilokaðir (Zakour, e.d.).

3.2. Áhrif áfalla

Fyrr á tímum voru náttúruhamfarir og samfélagsleg áföll lítið rannsökuð en það var ekki fyrr en á sjötta áratuginum sem byrjað var að skoða þann vettvang að einhverju marki (Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson, 2000). Fyrstu rannsóknir á sálrænum viðbrögðum einstaklinga við hamförum má þó rekja allt aftur til Borgarastyrjaldarinnar í Bandaríkjunum þar sem fyrst voru könnuð tilfinningaleg viðbrögð við stríði (Ursano o.fl., 2001). Á undanförunum áratugum hafa rannsóknir á þessu sviði stóraukist og þá sérstaklega á áhrifum þeirra á einstaklinga og samfélagið í heild sinni, þá eru félagsráðgjafar á meðal rannsakenda (Jenson, 2005).

Rétt eins og félagsráðgjöf fékk í upphafi þekkingu sína frá félagsfræði, sálfræði og fleiri fræðigreinum, grundvallaðist þekking fagstéttarinnar á hamförum og áhrifum þeirra á rannsóknarniðurstöðum félagsfræðinga og sálfræðinga. Í dag snúast flestar rannsóknir á sviði félagsráðgjafar sem gerðar eru í kjölfar hamfara um viðbrögð einstaklinga við áfallinu sem átti sér stað og þau sálrænu áhrif sem slíkt áfall ber í för með sér (Yanay og Benjamin, 2005; Zakour, 1996a).

3.2.1. Áhrif samfélagslegra áfalla á samfélög

Reynslan sýnir að viðbrögð við áföllum eru ólík því engin tvö áföll eru alveg eins (Ursano o.fl., 2001). Áhrif samfélagslegra áfalla eru oft afar lengi að koma í ljós (Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson, 2000) en þau geta verið gífurleg (Bolin, 1993).

Samfélagsleg áföll hafa oft mjög víðtæk og afdrifarík áhrif á heilsu og stöðugleika innan samfélaga og þjóðfélaga, jafnvel þó helstu fórnarlömbin séu einungis fáeinir einstaklingar. Hamfarir valda oft félagslegri sundrung, missi eða skaða á eignum og miklum mannskaða. Áhrif á einstaklinga og samfélög eru líkamlegs, sálræns og félagslegs eðlis, og þau vara bæði til lengri tíma og styttri þar sem batatími getur verið mjög breytilegur. Að auki er fjárhagslegur kostnaður samfélagslegra áfalla og hamfara gríðarlegur en erfitt er að sjá fyrir kostnaðinn í hverju tilviki fyrir sig. Kostnaðurinn felur í sér fjárútlát vegna eignamissis, hamfara aðstoðar, tekjutaps og kostnaðar vegna heilsugæslu svo eitthvað sé nefnt (Ursano o.fl., 2001).

3.2.2. Áhrif samfélagslegra áfalla á einstaklinga

Samfélagsleg áföll hafa ýmis ólík áhrif á einstaklinga eins og fyrr var getið en tilfinningalegu áhrifin eru hvað mest áberandi. Samfélagsleg áföll hafa áhrif á hegðun fólks, starf, samskipti, fjölskyldulíf og svo mætti lengi telja. Fjölskyldulíf verður oft streitumikið og erfitt við slíkar aðstæður. Mikilvægt er að hafa það alltaf í huga að samfélagsleg áföll hafi ekki aðeins áhrif á þolendur áfallsins heldur einnig aðstandendur og vini og að stuðningur við þá sé afar mikilvægur (Newburn, 1993). Náttúruhamfarir draga mikið úr öryggistilfinningu fólks og geta þær vakið upp gífurlegan ótta, hvort sem það sé hjá þeim sem lenda í hamförunum eða þeim sem heima sitja og setja sig í spor þolendanna (Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson, 2000) og þá má vel sjá hve víðtæk áhrif slík áföll hafa í för með sér.

Þegar hamfarir dynja yfir verða til aðstæður sem ógna sjálfsákvörðun (*e. self determination*) einstaklinga þar sem þær valda óvissu, uppnámi og deilum og þolendur verða að taka mikilvægar ákvarðanir um leið og þeir reyna að finna lausn á áköfum, hræðilegum (*e. traumatic*) og tilfinningalegum aðstæðum. Þolendur hamfara hafa upplifað mjög óeðlilegar aðstæður þar sem bjargir (*e. resources*) þeirra eru, oftar en ekki, ófullnægjandi og líklegt er að einstaklingar missi tímabundið færni sína í að takast á við aðstæðurnar vegna mjög skyndilegra breytinga og flókinna aðstæðna (Soliman og Rogge, 2001).

Eins og fram hefur komið geta áföll haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu, starfsgetu og lífsgæði, til lengri og styttri tíma

(Ríkislögreglustjóri, Landlæknisembættið, Landspítali – áfallateymi, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Þjóðkirkjan, 2010). Því gefur að skilja að þegar samfélagslegt áfall hefur dunið yfir þarf að huga að félagslegu, huglægu og tilfinningalegu ástandi fólks (Ásthildur Elva Bernhardsdóttir, 2001). Þolendur áfalla eru líklegri til þess að greinast með geðraskanir á borð við almenna kvíðaröskun, alvarlegt þunglyndi og áfengis- og vímuefnamisnotkun. Sumir þolenda upplifa einnig sjálfsvígshugsanir og margir þeirra upplifa verulegar svefntruflanir. Margskonar áhættuþættir hafa komið fram sem aukið geta líkur á að sálrænn vandi þróist í kjölfar áfalla og má sem dæmi nefna að ákefð sálrænna afleiðinga eykst samhliða alvarleika áfalls, alvarleika mannlegra meiðsla og þeirra tjóna sem verða á mannvirkjum. Þó hafa rannsóknarniðurstöður einnig bent til þess að stór hópur þolenda samfélagslegra áfalla upplifir langvinnan geðrænan vanda þrátt fyrir að engin dauðsföll eða alvarleg meiðsli hafi orðið. Þá eru þeir einnig í áhættuhópi sem upplifað hafa áður áföll og geðheilsuvandamál og þeir sem búa að lélegri félagslegri stöðu. Rannsóknir hafa endurtekið sýnt fram á að náttúruhamfarir geta haft slæmar afleiðingar á geðheilsu þolenda svo mánuðum, árum og áratugum skiptir, ef þeim er ekki veitt viðeigandi aðstoð eins og fram kemur í viðbragðsáætlun almannavarna um skipulag áfallahjálpar á Íslandi (Ríkislögreglustjóri, o.fl. 2010).

Auk þeirra geðraskana sem að framan hafa verið taldar eru einnig áfallastreita og áfallastreituröskun nokkuð algengar í kjölfar áfalla. Áfallastreituröskun er ein helsta geðröskunin í kjölfar náttúruhamfara en slík röskun getur valdið verulegri og viðvarandi skerðingu á lífsgæðum ef ekkert er að gert (Ríkislögreglustjóri, o.fl. 2010). Áfallastreituröskun er geðrænn kvilli sem þróast út frá upplifun fólks á áfalli (Margrét Blöndal, 2007) og getur slík röskun valdið verulegri og langtíma skerðingu á lífsgæðum (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010).

3.2.2.1. Áfallastreituvíðbrögð

Áfallastreituvíðbrögð eru fullkomlega eðlileg víðbrögð við áföllum. Áfallastreituvíðbrögð eru ekki sjúkdómur en þau eru líkamlegs, hugræns og tilfinningalegs eðlis. Fólk getur átt það til að endurupplifa atburðinn, átt erfitt með svefn, dreymt martraðir, forðast vissar aðstæður sem minna á atburðinn, einangrað

sig, borið mikla sektarkennd í brjósti, ásakað sig sjálf, verið reitt og pirrað ásamt því að upplifa mikinn kvíða (Margrét Blöndal, 2007).

Áfallastreituviðbrögð eru afar algeng í kjölfar hverskonar hamfara því fólk upplifir oft mikla hræðslu og jafnvel hjálparleysi við slíkar aðstæður sem tekur sér í mörgum tilfellum bólfestu í hugum þeirra. Áfallastreituviðbrögðin sem talin voru upp hér að framan geta þó verið missterk og fara þau eftir því hvernig fólk upplifir atburðinn. Sá einstaklingur sem upplifir að sitt eigið líf sé í mikilli hættu er líklegri til þess að upplifa alvarlegri áfallastreituviðbrögð en sá sem lendir ekki í slíkum lífsháska. Það sama má segja um þá sem horfa upp á lífshættulegt slys náins ættingja eða þá sem horfa upp á það sama hjá ókunnugum einstakling. Áfallastreituviðbrögðin eru eðlileg í fyrstu en ef einstaklingur upplifir enn þessi sterku einkenni mörgum mánuðum eða jafnvel árum eftir atburðinn þarf hann að leita sér sálfræðiaðstoðar því líklegt er að einstaklingurinn hafi þróað með sér sjúkdóm sem kallast áfallastreituröskun (Margrét Blöndal, 2007).

3.2.2.2. *Áfallastreituröskun*

Áfallastreituröskun lýsir sér eins og áfallastreituviðbrögðin sem minnst var á hér að ofan að því leyti að einkenni sjúkdómsins hafa verið varanleg í mánuð eða meir frá því áfallið átti sér stað (Margrét Blöndal, 2007). Áfallastreituröskun var fyrst skilgreind sem geðrænn kvilli af sambandi Amerískra geðlækna árið 1980 (Gibson og Iwaniec, 2003). Það sama ár settu þeir fram greiningarlykilinn DSM-III, en hann hefur þróast í DSM-IV sem nú er notast við. DSM-IV er fjölþátta en þá þurfa sex þættir að eiga við einstaklinginn svo hann greinist með áfallastreituröskun. Í fyrsta lagi þarf einstaklingurinn að hafa lent í áfalli, hann þarf að hafa upplifað síundurteknar minningar um atburðinn, forðast ákveðnar aðstæður og upplifa mikinn tilfinningadofa og ofurárverkni. Að auki þurfa þessi einkenni að hafa staðið yfir í meira en mánuð frá áfallinu og valda gífurlegum truflunum á daglegu lífi (American Psychiatric Association, 2000).

Sjúkdómsgreiningarkerfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunar (WHO) setti einnig upp greiningarviðmið örlítið seinna sem kallast ICD-10, það skilgreinir áfall sem einstaklega ógnvekjandi og hrikalegan atburð sem er afar streituvaldandi og myndi

valda uppnámi hjá nánast hvaða einstaklingi sem er. Þessi tvö greiningarviðmið eru þau algengustu sem notast er við (World Health Organization, 1992).

Áfallastreituröskun er ekki mjög algeng en þó eru alltaf líkur á að einstaklingur þrúi þann sjúkdóm með sér í kjölfar mikils áfalls og er því mikilvægt að vera vakandi fyrir einkennum hans. Rannsóknir benda til þess að á milli 9 og 15% allra einstaklinga glíma einhvern tíma á lífsleiðinni við áfallastreituröskun (Margrét Blöndal, 2007) og enn fremur þess að 4 til 30% þeirra sem lent hafa í náttúruhamförum séu með einkennum hennar (Kessler o.fl., 1995; Green, Lindy, Grace og Leonard, 1992; Kilic og Ulusoy, 2003). Konur eru sagðar viðkvæmari fyrir áfallastreituröskun en karlar og er talið að um 20 til 30% kvenna þrúi hana með sér eftir að hafa upplifað áfall en aðeins 8 til 13% karla (Kessler o.fl., 1995). Þegar ljóst er að áfallastreituvíðbrögð fólks hafa þróast út í sjúkdómseinkenni þarf fólk að leita til sérfræðinga til þess að vinna úr sínum vanda. Mikilvægi eftirfylgdar má vel sjá þar sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lagði til árið 2005 að eftirfylgd skuli vera í boði í að minnsta kosti tvö ár að atburði liðnum (Margrét Blöndal, 2007).

Af niðurstöðum rannsóknar Elísabetar Þorgeirsdóttur (2009) má álykta að mikilvægt sé að fagstéttir innan félags- og heilbrigðiskerfisins búi yfir þekkingu á einkennum áfallastreituröskunar svo þeir geti komið til móts við þarfir skjólstæðinga sinna. Sex af átta viðmælendum hennar fengu ekki viðeigandi aðstoð fyrr en að árum og jafnvel áratugum liðnum eftir fyrsta áfall. Því þurfa félagsráðgjafar að vera vakandi fyrir slíkum einkennum og vísa einstaklingum til viðeigandi meðferðar ef þeir verða áskynja líklegar áfallastreituröskunnar hjá skjólstæðingum sínum.

3.2.3. *Jákvæð áhrif samfélagslegra áfalla*

Áhrif áfalla reynast ekki alltaf slæm samkvæmt niðurstöðum Taylor frá árinu 1977. Margir þeirra sem lifðu af fellibylinn Xenia í Ohio árið 1974 upplifðu sálræna erfiðleika en meirihluti þeirra lýsti jákvæðum viðbrögðum þar sem þeir komust að því að þeir gætu tekist á við hættuástand á skilvirkan hátt og töldu sig betur í stakk búna eftir að hafa upplifað slíkan atburð (Ursano o.fl., 2001). Quarantelli greindi einnig frá því árið 1985 að samfélagsleg áföll gætu haft góð áhrif þar sem samfélagið hefur ákveðinn lækningarmátt sem lýsir sér í samstöðu og samhygð fólks. Þá segir

hann röskun á högum íbúa og samfélagsins í heild sinni geta komið út sem jákvæð uppbygging þegar til framtíðar sé litið (Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson, 2000). Þessu eru Ursano og félagar (2001) sammála og telja þau áföll geta aukið samhug í samfélögum eða beint einstaklingi í nýjan farveg hvað varðar forgangsröðun, markmið og gildi. Þá gætti einnig jákvæðra viðbragða í samfélagi sem og í einkalífi þeirra sem lifðu fellibylinn Andrew af samkvæmt rannsókn Shelby og Treddinnick (1995). Nágrannar fundu til samkenndar hver með öðrum og sameinuðust að öflun fæðis og húsaskjól, auk lagfæringu húsnæða. Ýmsir einstaklingar sögðust líta lífið öðrum augum og kunnu í kjölfarið að meta lífið og fjölskylduna betur, auk þess að finna til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar.

Jákvæðar útkomur í kjölfar hamfara eru í takt við kenningu Putnam (2000) um félagsauð (*e. social capital*) og segir Putnam félagsauð vera getu samfélagsins til að þróa “ég” yfir í “við” (Hague og Harrop, 2007). Kenningin gerir ráð fyrir því að með auknum tengslum milli fólks, aukist traust fólks til hvors annars. Því meira sem traustið verður því betri verður staða fólks út af fyrir sig og sem og í sameiningu (Putnam, 2000). Félagsauður vísar til trausts og samvinnu sem gerir sameiginlegar athafnir mögulegar og áhrifaríkar (Hague og Harrop, 2007). Félagsauður samanstendur af hugtökum á borð við félagsleg tengslanet, félagsleg samskipti, félagslega samheldni, félagslega þátttöku og samstöðu (Mathbor, 2007). Sameiginleg reynsla leiðir oft til aukins félagsauðs (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001) og má sjá þau áhrif á niðurstöðum ýmissa rannsókna eins og að ofan hefur verið komið.

Aukins félagsauðs hefur einnig gætt í kjölfar samfélagslegra áfalla á Íslandi og segja Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir (2008) fágætt að fólk sé alfarið bjargarlaust þó svo það hafi lent í þungbæru áfalli. Undir kringumstæðum mikilla áfalla segja þær að sérstakt hugarástand skapast og samkennd milli fólks. Þær segja fólk skjóta skjólhúsi yfir þá sem þess þurfa og veita ýmiskonar aðstoð, einnig segja þær þolendur styrkja hvern annan og að mikilvægt sé að ekki sé vanmetinn sá styrkur sem það að veitir einstaklingi að veita nágrönnum sínum aðstoð við slíkar aðstæður. Í rannsókn Írisar Böðvarsdóttur og Ask Elklit (2003) gætti einnig jákvæðra afleiðinga til skemmri tíma hjá þolendum jarðskjálftanna á Suðurlandi árið 2000. Þolendur lýstu marktækt meiri félagslegum stuðningi í kjölfar skjálftanna fyrstu þrjá

mánuðina sem fór svo minnkandi. Þessar niðurstöður benda sterklega til aukins félagsauðs meðal þolenda náttúruhamfara á Íslandi. Niðurstöðum Írisar og Ask verður nánar lýst að neðan í umfjöllun um íslenskar rannsóknir.

3.2.4. Íslenskar rannsóknir í kjölfar samfélagslegra áfalla

Ágúst Oddsson og Gylfi Ásmundsson eru frumkvöðlar hér á landi í rannsóknum sem beinast að sálrænni líðan fólks í kjölfar mikils samfélagslegs áfalls. Þeir rannsökuðu félagslegar, sálrænar og heilsufarslegar aðstæður íbúa Súðavíkur og Flateyrar sem lentu í snjóflóðum árið 1995. Þáttakendur rannsóknarinnar voru íbúar á aldrinum 16 til 75 ára sem voru á staðnum þegar áfallið dundi á og til samanburðar gerðu þeir slíkt hið sama á Raufarhöfn en þar er engin hætta á slíkri náttúruvá. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að um 34% íbúa Súðavíkur báru einkenni áfallastreituröskunar 12 til 14 mánuðum eftir snjóflóðin og að áhættuhóparnir væru einnahlust konur og þeir sem upplifðu áfallið á afar sterkan hátt. Einnig mældist áfallastreituröskunin á Flateyri 48%, þremur til fjórum mánuðum eftir snjóflóðið þar í bæ en 9% hjá samanburðarhópinum á Raufarhöfn. Um helmingur samanburðarhópsins á Raufarhöfn sögðu að allt sem minni þá á áfallið hafi tilfinningaleg áhrif á þá. Því má ætla að áfallið hafði áhrif víða (Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson, 2000).

Rúmum áratug eftir að snjóflóðin féllu fylgdi Edda Björk Þórðardóttir (2007) rannsókn Gylfa og Ágústar eftir og kannaði líðan þolenda snjóflóðsins í Súðavík. Hún notaði sama úrtak og þeir notuðust við og bar niðurstöðurnar saman. Við samanburð niðurstaðna kom í ljós að 36% íbúa sýndu einkenni áfallastreituröskunnar árið 2007 en það er um 1% fleiri en í rannsókn Gylfa og Ágústs. Það gefur til kynna að einkenni áfallastreituröskunnar urðu viðvarandi hjá þeim hópi sem sýndi einkenni áfallasteitu við fyrri rannsóknina. Einnig voru fleiri konur en karlar með einkenni áfallastreituröskunnar en það er sambærilegt niðurstöðum Gylfa og Ágústs. Einkenni depurðar, yfirdrifinna viðbragða og einangrunar virtust þá hafa aukist og er það í samræmi við fyrri rannsóknir á langtíma áfallastreituröskun. Áhrif hamfaranna á svarendur voru mikil, flestir voru hræddir um eigið líf (85%), 50% svarenda áttu einhvern nákominn sem lést í flóðinu og 61% áttu einhvern nákominn sem slasaðist. Þá upplifðu 20% svarenda skerta möguleika á að sjá sér farborða, 19% áttu heimili sem eyðilögðust algerlega, 19% áttu heimili sem sködduðust eða eyðilögðust að

hluta til, auk þess að rúmlega 33% íbúa missti alla sína persónulegu muni eða hluta af þeim.

Íris Böðvarsdóttir og Ask Elklit (2003) rannsökuðu áfallastreituröskun og sálræn viðbrögð meðal íslenskra þolenda jarðskjálftanna á Suðurlandi árið 2000. Rannsóknin fór fram þremur mánuðum eftir að skjálftarnir áttu sér stað og voru þátttakendur 52 íbúar, auk samanburðarhóps 29 einstaklinga sem ekki urðu varir við skjálftana. Niðurstöður Írisar og Ask voru þær að 24% þeirra sem upplifðu skjálftann greindust með áfallastreituröskun og voru konur þar í meirihluta, en enginn greindist í samanburðarhópinum. Þeir sem voru minna menntaðir og þeir sem voru í sem mestri nálægð við hamfarirnar voru líklegri til þess að þróa með sér áfallastreituröskun en þeir sem áttu auðvelt með að tjá tilfinningar sínar. Þegar fólk lagði sjálft mat á sálfræðileg, félagsleg og fjárhagsleg áhrif hamfaranna greindu 92% frá miklum sálfræðilegum áhrifum, 75% frá miklum félagslegum áhrifum og 50% frá miklum fjárhagslegum áhrifum, auk þess að 75% einstaklinganna urðu að yfirgefa heimili tímabundið.

Rannsókn Jóns Barkar Ákasonar, Stefáns Ólafssonar og Ragnars Sigurbjörnssonar (2005) gaf til kynna að þolendur jarðskjálftanna á Suðurlandi árið 2000 upplifðu litla samúð vegna reynslu þeirra vegna þess að enginn lét lífið. Margir þolendanna upplifðu þó vonleysi, svartsýni og depurð vegna þess hvernig samskipti þeirra og annarra sem ekki upplifðu jarðskjálftana var háttað.

Mikill skortur er á félagslegum sem og sálfræðilegum rannsóknum á samfélagslegum áföllum á borð við náttúruhamfarir á Íslandi. Sá skortur er ótrúlegur miðað við það hve tíðar náttúruhamfarir eru. Þörfin á frekari rannsóknum á félagslegu og sálrænu sviði er mikil, svo hægt sé að draga lærdóm af þeim og bæta viðbrögð samfélagsins (Guðný Björk Eydal og Guðrún Árnadóttir, 2004).

4. Viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir Almannavarna og velferðarkerfisins

Í eftirfarandi kafla verður gert grein fyrir aðgerðum Almannavarna og velferðarkerfisins í kjölfar samfélagslegra áfalla. Mikilvægi þess að samfélög og stjórnvöld séu undirbúin áföllum verður ítrekað og fjallað verður um hlutverk ríkis, sveitarfélaga, sem og hjálparstofnana. Stuðningsaðgerðir verða ræddar og hvaða samfélagshópa beri að huga sérstaklega að.

Samfélög verða að vera viðbúin náttúruhamförum sem og hamförum af mannavöldum því eins og áður hefur komið fram geta þau dunið yfir hvar og hvenær sem er, óháð staðsetningu, menningu eða sögu (Mathbor, 2007). Auk þess hefur fyrri reynsla sýnt að þau samfélög sem eru vel undirbúin á menningarlegum-, félagslegum- og sálrænum grundvelli séu betur í stakk búin að bregðast við aðstæðum í kjölfar hamfara (Mathbor, 2007). Náttúruhamfarir skapa gífurlegan þrýsting á neyðaraðstoðar- og félagsþjónustu samtök, á innlendum og alþjóðlegum vettvangi (Soliman og Rogge, 2001) en rannsóknir Mathbor (2007) benda til þess að með þeim mun sterkari tengslum milli staðbundinna, svæðisbundinna og alþjóðlegra samtaka og stofnana megi mynda mun árangursríkari starfsaðferðir í hamfaraaðstoð.

Mikilvægt er að stjórnvöld séu vel undirbúin náttúruhamförum og samfélagslegum áföllum (Jenson, 2005) því ef ríkisstofnunum mistekst að tryggja öryggi þolenda og vernd þeirra vekur það mikinn ugg meðal almennings (Soliman og Rogge, 2001). Gott skipulag og stórnun er þýðingarmikil við aðstoð og björgun svo ekki skapist mikill glunduroði sem gæti leitt til verra ástands (Jenson, 2005). Af siðferðislegum ástæðum verða stofnanir og samtök sem sjá um neyðarstjórnun að kynna sér afleiðingar hamfara, auk þess að undirbúa og þróa aðferðir og stefnur til þess að veita þolendum árangursríka aðstoð. Ef árangursrík aðstoð er tryggð, eykur það hæfni þolenda til þess að takast á við aðstæður og draga úr hugsanlegum sálrænum viðbrögðum til lengri tíma (Soliman og Rogge, 2001). Einnig er mikilvægt að stjórnvöld geri sér grein fyrir því hve tíð áfallaröskun getur orðið í kjölfar slíkra áfalla og hve mikilvægt sé að bregðast rétt og örugglega við með skipulagðri áfallahjálp til

þess að fyrirbyggja áhrif hennar með besta móti (Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson, 2000). Þegar samfélagsleg áföll líkt og náttúruhamfarir dynja yfir er utanaðkomandi aðstoð sérstaklega mikilvæg, til að mynda öflun húsaskjól, matar, upplýsinga, flutninga til og frá svæðinu sem og rýming af svæði (Soliman og Rogge, 2001).

4.1. Almannaþarnir ríkisins

Almannaþarnir ríkisins eru samsettar af íslenskri löggjöf og vinna þær að undirbúningi fyrir náttúruhamförum og öðrum samfélagslegum áföllum. Almannaþarnir eru formleg leið íslenska velferðarríkisins til þess að takast á við náttúruhamfarir og ýmis samfélagsleg áföll. Þær eru það stjórnkerfi sem virkjað er ef hættuástand ríkir og hin almenna neyðarþjónusta getur ekki ein ráðið við umfang atburðarins. Hlutverk þeirra er að samhæfa ýmsar lausnir og hjálparaðferðir til þess að hægt sé eftir bestu getu að koma í veg fyrir eða takmarka það líkamlega, andlega og fjárhagslega tjón sem náttúruhamfarir geta valdið. Almannaþarnir byggja á samvinnu ríkis, sveitarfélaga, einkaaðila, hjálparsamtaka og almennra borgara. Ýmis lagaleg ákvæði snúa að þeim þáttum er varða almannaþarnir en einna helst eru það Almannaþarnarlög sem síðast voru endurskoðuð árið 2008. Almannaþarnarráð er skipað forsætisráðherra auk fulltrúum ýmissa ráðuneyta, forstöðumönnum ríkisstofnanna, fulltrúum Rauða krossins og Landsbjargar, ásamt fulltrúum sambands íslenskra sveitarfélaga og samræmdrar neyðarsímsvörunar. Almannaþarnarráð sér einna helst um mat á aðstæðum, forvarnir, skipulag, aðstoð vegna tjóna sem orðið hafa eða kann að verða og uppbyggingu eftir áfall. Aðgerða- og vettvangsstjórn sér svo um hjálpar- og björgunarstarf og er í stöðugu sambandi við stjórnstöð (Ríkislögreglustjórnin, e.d.; Herdís Sigurðardóttir, 2008).

4.1.1. Þátttaka félagsráðgjafa í hamfarastjórnun og samræmingu aðgerða

Eins og áður hefur komið fram sjá Almannaþarnir ríkisins um hamfarastjórnun, forvarnir og samræmingu aðgerða ef til hættuástands kemur. Að slíku starfi koma margir aðilar að. Þar sem starfsgrein félagsráðgjafa er grundvölluð af félagslegu réttlæti og mannréttindum er virk þátttaka félagsráðgjafa í hamfarastjórnun (*e. disaster management*) afar mikilvæg (Mathbor, 2007). Samkvæmt Gillespie (1991)

skilgreina rannsakendur í félagsráðgjöf neyðarstjórnun (e. *emergency management*) sem stjórnun á félagsþjónustakerfi í hamförum. Þá beinist neyðarstjórnun einkum að viðbúnaði vegna hamfara og framkvæmd áætlanagerðar um samræmingu á auðlindum samfélagsins á tímum hamfara (Zakour, e.d.).

Aðkoma félagsráðgjafa að hamfarastjórnun er mikilvæg til þess að vinna að áætlunum sem tengja og brúa bilið á milli viðkvæmra samfélagshópa og nauðsynlegra bjargráða sem til boða standa fyrir, á meðan og eftir að hamfarir eiga sér stað (Mathbor, 2007). Megin reglan um málsvörn félagsráðgjafa fyrir hagsmunum þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu varpar enn fremur ljósi á skyldur félagsráðgjafa og félagsþjónustustofnana til þess að taka þátt í viðbúnaði vegna hamfara. Til þess að auka líkur á því að þjónusta sé til staðar fyrir þá sem þarfnast hennar, þá sérstaklega fyrir þá samfélagshópa sem hafa sérstakar þarfir, geta félagsráðgjafar tekið þátt á ýmsum sviðum undirbúningsaðgerða. Til að mynda geta þeir tekið þátt í mati á líkum þess að hamfarir eigi sér stað og líklegum afleiðingum þeirra, áætlanagerð, skipulagi á mögulegum aðgerðum til þess að draga úr þunga líklegra hamfara og afleiðingum þeirra, auk þess að sinna öðru undirbúningsstarfi. En þarfir samfélagshópa með sérstakar þarfir gleymast oft í slíkum viðbragðsáætlunum (Soliman og Rogge, 2001).

Rannsóknir hafa gefið til kynna að lykilatriði þess að byggja upp hæfni samfélaga í að takast á við samfélagsleg áföll sé að nýta félagsauð á skilvirkan hátt í neyðaraðstoð. Félagsráðgjafar nýta sér hugmyndafræði um félagsauð til þess að stuðla að aukinni hæfni einstaklinga, hópa, samfélaga og stofnana og eru það einnahlést samkennd, félagsleg samheldni, félagsleg samskipti og félagsleg kerfi sem þeir nýta sér (Mathbor, 2007). Félags- og efnahagskerfi virka betur sem heild þegar sterk tengsl eru milli þeirra sem byggja það upp (Putnam, 2000). Því er þörf á að vinna að stefnumótunum sem leggja áherslu á samfélagslegt samstarf, samstöðu og nýtingu félagslegra tengslaneta til þess að tryggja skilvirka þjónustu fyrir, á meðan og eftir að hamfarir eiga sér stað (Mathbor, 2007).

Harry og Zakour (2000) segja að samkvæmt sjónarhorni félagsráðgjafa sé mikilvægt markmið stjórnenda í neyðartilvikum að fá margskonar sjónarhorn frá fulltrúum

ýmissa samtaka og stofnana í samfélaginu sem og leiðtoga, þegar verið er að vinna að viðbragðsáætlunum vegna hamfara (Zakour, e.d.). Slík samvinna er nýtt í starfi Almannavarna ríkisins eins og áður sagði hér að ofan. Ennfremur segir Zakour (e.d.) að meðal þátttakenda ættu að vera fulltrúar frá óformlegum stofnunum sem þjóna viðkvæmum einstaklingum á borð við börn, fjölskyldur með einstæða foreldra, lágtækjufólk og fulltrúar minnihlutahópa. Því mikilvægt er að ávallt sé tryggt að hinir einstöku eiginleikar, styrkir og þarfir einstaklinga og fjölskyldna gleymist ekki á meðan stofnanir og samtök leitast við að ná tökum á óreiðunni sem myndast í kjölfar hamfara. Reynslan hefur sýnt að neyðaraðstoð og aðstoð þjónustustofnana hafi oft þau áhrif að skerða sjálfstæði einstaklinga í kjölfar hamfara (Soliman og Rogge, 2001) og er hlutverk félagsráðgjafa að sporna gegn því. Hjálparstarf endurspeglast í áherslum félagsráðgjafa á því að virkja ólíka menningarhópa og að samræma aðgerðir sjálfboðaliða og fagaðila til þess að auka gæði þeirrar þjónustu sem þjáðir íbúar þarfnast, en sagan hefur sýnt að mikilvægt sé að sameina faglega þekkingu og sjálfboðastörf við neyðaraðstoð (Zakour, 1996a). Slíkum hugmyndum byggja Almannavarnir ríkisins augljóslega á þar sem samvinna ríkis, sveitarfélaga, sjálfboðaliðasamtaka og annarra aðila er mikilvæg á tímum hættuástands.

4.2. Rauði Kross Íslands

Þegar samfélagslegt áfall dynur yfir er fyrst af öllu sinnt lífsbjörgun og þolendum veitt aðstoð, þeim er reynt að koma í gott skjól og hlúð að þeim. Hér á landi er það lögreglustjórinn sem leiðir þessa björgun með hjálp starfsmanna sinna ásamt sjálfboðaliðum Rauða Krossins og Landsbjargar. Neyðaraðgerðir standa yfir fyrstu vikuna og halda jafnvel áfram í fáeina mánuði og unnið er að því að koma á jafnvægi og skipulegri aðstoð. Að lokum er ráðist í endurreisn byggðarinnar en hún getur tekið mörg ár og er afar kostnaðarsöm (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008).

Í kjölfar samfélagslegra áfalla á borð við náttúruhamfarir geta margir staðið uppi án húsnæðis, klæðis, matar og fés og kemur þá aðstoð Rauða Kross Íslands að góðum notum. Rauði Krossinn eru alþjóðleg hjálparsamtök og eru helstu verkefni samtakanna að aðstoða í kjölfar náttúruhamfara og að veita þolendum vopnaðra

átaka aðstoð. Rauði krossinn hefur starfað á Íslandi frá því 1924 og gerðu samtökin samning við Almannavarnir Ríkisins árið 1974 um að sinna félagslegu hjálparstarfi hérlendis ásamt fjöldahjálpi. Rauði krossinn sinnir ómissandi og mikilvægu starfi þar sem hann sér um uppsetningu fjöldahjálparmiðstöðva á hættutímum. Sjálfboðaliðar þeirra og starfsmenn taka á móti þolendum, skrá þá niður og vinna að því að sameina sundraðar fjölskyldur. Rauði krossinn er tengiliður Almannavarna við erlend ríki og ber skylda að tilkynna viðkomandi sendiráðum um afdrif erlendra ríkisborgara sem kunna að hafa orðið fyrir áfallinu sem um ræðir. Auk þess sinnir Rauði Krossinn upplýsingamiðlun til aðstandenda, fjölmiðla og þolenda um afdrif og aðstæður. Þjálfaðir starfsmenn sinna skyndihjálpi, sálrænum stuðningi, fræðslu og upplýsingagjöf (Jón Brynjar Birgisson, 2008). Frá árinu 2000 hefur Rauði Kross Íslands starfrækt áfallahjálparteymi sem samanstendur að mestu af sálfræðingum en auk þeirra eru félagsráðgjafar, kennarar og hjúkrunarfræðingar þar að störfum. Rauði krossinn hefur einnig staðið að fjölmörgum námskeiðum um sálræna skyndihjálpi fyrir sjálfboðaliða í deildum Rauða krossins, almenning og fagaðila (Margrét Blöndal o.fl., 2008).

4.3. Stuðningur í kjölfar samfélagslegra áfalla

Eins og áður hefur komið fram verða til aðstæður sem ógna sjálfsákvörðun (*e. self determination*) einstaklinga þegar samfélagslegt áfall dynur yfir. Þolendur verða að taka mikilvægar ákvarðanir um leið og þeir reyna að finna lausn á mjög erfiðum og tilfinningalegum aðstæðum. Þolendur hamfara hafa upplifað mjög óeðlilegar aðstæður þar sem bjargir þeirra eru oftast en ekki ófullnægjandi og líklegt er að einstaklingar missi tímabundið færni sína í að takast á við aðstæðurnar vegna mjög skyndilegra breytinga og flókinna aðstæðna (Soliman og Rogge, 2001). Við slíkar aðstæður er mikilvægt að stuðningur standi til boða. Stuðningur í kjölfar mikilla áfalla beinist að ýmsum hópum, ekki einungis helstu þolendum áfallsins/hamfaranna heldur einnig þeim sem að þeim koma. Þá þarf að sinna þeim sem hafa orðið viðskila við fjölskyldumeðlimi og vini, þeim sem slösuðust, þeim sem koma á slysstað og að auki þeim sem sinna hverskonar hjálparstörfum er tengjast atburðinum. Mikilvægt er að hafa það í huga að áfallið er ekki aðeins á slysstað, það hefur áhrif á allt samfélagið (Newburn, 1993).

Hér á eftir verður stuttlega lýst sorg og sorgarstuðningi og hvaða leiðir séu bestar í slíkum stuðningi. Þá verður einnig greint frá því í hverju áfallahjálpi felst, helstu aðferðum hennar og í höndum hvaða aðila slíki aðstoð er hér á landi. Að sögn Margrétar Blöndal (2007) er sorgarstuðningur og áfallahjálpi ekki það sama og mikilvægt er að greint sé þar á milli.

4.3.1. *Sorg og sorgarstuðningur*

Sorgarviðbrögð fólks eru afar ólík áfallastreituviðbrögðum og lýsa þau sér svo að einstaklingurinn upplifir í fyrstu áfallið en svo tekur við vantrú og afneitun atburðarins. Mikilvægt er að viðurkenna raunveruleika missins því annars er ekkert hægt að gera. Eftir að fólk áttar sig á missinum tekur við nýtt tímabil sem einkennist af miklum tilfinningalegum viðbrögðum og að lokum tekur tími aðlögunar við (Margrét Blöndal, 2007).

Prestar veita sorgarstuðning en bestu hjálpin er oftast að finna hjá nánustu aðstandendum. Þá gildir sálrænn stuðningur miklu. Fyrstu tvö árin geta verið erfið fólk en oftast fer sársaukinn minnkandi er frá líður (Margrét Blöndal, 2007). Í sálrænum stuðningi felst að vera einstaklingnum innan handar, leggja við hlustir, tryggja öryggi hans og að veita honum leiðbeiningar um sjálfshjálpi vegna sálrænna og félagslegra örðugleika (Margrét Blöndal o.fl, 2008). Þá er mikilvægt að einstaklingurinn sé ekki einn nema hann óski þess og að honum sé sýnd nærgætni. Gott er að styðja við fólk, hughreysta það og sýna samhugi og ástúð. Orð eru ekki fyrir öllu, fólk telur oft klapp á bakið og umhyggju vera það besta sem þeim er veitt á slíkum stundum (Margrét Blöndal, 2007). Vert er að muna að engin ein leið er réttust í sorg, fólk fer sínar eigin leiðir og tekur þann tíma sem það þarf til þess að syrgja (Brymer, Jacobs, Layne, Pynoos, Ruzek, Steinberg, Vernberg og Watson, 2006). Það að hlusta er oft vanmetið þó svo það sé aðalatriðið í öllu ráðgjafarstarfi. Þá töldu þolendur Hillsburouh áfallsins í Englandi hlustun og sveigjanleika vera það eitt það mikilvægasta sem félagsráðgjafar búa yfir (Newburn, 1993).

4.3.2. Áfallahjálpar

Unnið hefur verið að skipulagi áfallahjálpar hér á landi frá 1995 og hafa miklar framfarir átt sér stað. Nýlega vannst mikill sigur í skipulagi áfallahjálpar því árið 2008 var í fyrsta sinn gefin út skýrslan „Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum” sem fjallar til hlítar um það hvernig bera skuli sig að í neyðaraðstoð og endurreisn sveitarfélaga í kjölfar mikilla náttúruhamfara (Sólveig Þorvaldsdóttir o.fl., 2008). Auk þess að viðbragðsáætlun um skipulag og stjórn áfallahjálpar á tímum almannavarnarástands eða þegar slíkt er yfirvofandi var gefin út árið 2010, eins og áður sagði. Áætlunin er einungis leiðbeinandi en hún tekur yfir allt landið (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010).

Áfallahjálpar er sálfélagslegur stuðningur sem veittur er af fagaðilum og öðrum. Áfallahjálpar er þáttur í skipulagi almanna þegar almannavarnarástand ríkir eða hópslys hefur átt sér stað. Samkvæmt viðbragðsáætlun almanna fellur áfallahjálpar undir heilbrigðisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Þá er áfallahjálpar meðal annars í höndum landlæknisembættisins vegna ráðstafana við að draga úr heilsutjóni, þjóðkirkju vegna veitingu sálgæslu, Rauða kross Íslands vegna sálfélagslegs stuðnings, ríkislögreglustjóra vegna skipulags áfallahjálpar í almannavarnarástandi og sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsþjónustu sveitarfélaga vegna sérstakra þarfa einstakra samfélagshópa. Þá sinnir áfallateymi Landspítala einnig ráðgjöf við heilbrigðisþjónustu á landinu öllu vegna stuðnings og meðferða við þolendur hamfara (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010). En einskonar áfallahjálparmiðstöðvar eru starfræktar í hverju heilsugæsluumdæmi landsins (Velferðarráðuneytið, 1998).

Tilgangur áfallahjálpar er að draga úr því uppnámi sem oft myndast í kjölfar alvarlegra áfalla og með því móti er henni ætlað að stuðla að betri aðlögun til lengri og skemmri tíma. Flestir þeirra sem verða fyrir þungbærum áföllum komast yfir áfallið án aðstoðar en þó þarfnast sumir aðstoðar í formi sálfélagslegs stuðnings (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010). Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lagt aukna áherslu á að veitt sé sálfélagslega þjónusta hið fyrsta í kjölfar þungbærra atburða og hefur slíka þjónusta einnig fengið aukið vægi hér á landi (Margrét Blöndal o.fl., 2008). Einnig er aukin þekking félagsráðgjafa á sálfélagslegri íhlutun á hamfaratímum talin

nauðsynleg fyrir árangursríkt starf í tengslum við hamfarir eins og að ofan hefur komið (Tan o.fl, 2007).

Í sálfélagslegum stuðningi felst stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og sveitarfélög til þess að ná fyrri þolgæðum. Sálfélagslegur stuðningur stuðlar að endurreisn tengslaneta fólks og grunngerð samfélagsins með virðingu gagnvart sjálfsforræði, sæmd og aðlögunarleiðir einstaklinga og sveitarfélaga (Margrét Blöndal o.fl, 2008). Áfallahjálp er ávallt innt af hendi með viðeigandi stuðningi og fræðslu og á forsendum einstaklingsins sjálfs og samfélaga (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010). Áfallahjálp samanstendur af sex megin þáttum ef svo má segja, það er sálrænni skyndihjálp, fræðslu og upplýsingagjöf, viðrun, tilfinningalegri úrvinnslu, virkjun aðstandenda og mat á áhættuþáttum og eftirfylgd. Eins og áður hefur komið fram geta einstaklingar þróað með sér hin ýmsu áfallastreituviðbrögð í kjölfar samfélagslegra hamfara sem geta svo þróað í langvarandi sálrænan vanda á borð við áfallastreituröskun (Margrét Blöndal, 2007). Markmið með áfallahjálpi eru meðal annars að nálgast þessa einstaklinga, að veita þeim þá eftirfylgd sem þeir þarfnast og að vísa þeim til frekari aðstoðar sérfræðinga ef þess reynist þörf. Reynslan hefur sýnt að því háskalegri sem atburður er og undirstöðum einstaklings er ógnað, því mikilvægara er að slíkur stuðningur standi til boða í að minnsta tvö ár (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010) og er það í samræmi við tillögur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar frá árinu 2005 (Margrét Blöndal, 2007).

Í áfallahjálpi er falin sálræn skyndihjálpi annarsvegar og sérhæfður stuðningur hinsvegar (Ríkislögreglustjóri o.fl, 2010; Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008). Verður þeim gerð nánari skil hér á eftir.

4.3.2.1. Sálræn skyndihjálpi

Sálræn skyndihjálpi er eitt það mikilvægasta í kjölfar áfalla. Fyrstu viðbrögð einstaklinga við áfalli geta einkennst af sterkri tómléika tilfinningu og doða, aðstæður geta virst óraunverulegar, tímaskyn brenglast og kvíði og spennan myndast (Margrét Blöndal, 2007). Hugmyndafræðin sem liggur að baki sálrænnar skyndihjálpar (e. *psychological first aid*) er ekki ólík hugmyndafræði skyndihjálpar sem fólki er veitt þegar það hefur líkamlega áverka. Líkt og skyndihjálpi í kjölfar líkamlegra áverka snýst

um að stöðva blæðingu, binda um sár og koma þeim sem þarfnast meiri aðhlyningar á sjúkrahús, felst sálræn skyndihjálp í að hjálpa fólki að takast á við áfallið og huga að grunnþörfum þolenda fyrstu dagana í kjölfar áfallsins. Þeim sem þurfa á aukinni aðstoð að halda er síðan vísað áfram til frekari aðstoðar (Ng og Kantor, 2010).

Í kjölfar samfélagslegra áfalla reynist sálræn skyndihjálp gagnleg til þess að meta þarfir barna, unglinga og fullorðinna og sinna þeim þörfum á áreiðanlegan hátt. Helstu aðferðir og starfsreglur sálrænnar skyndihjálpar byggja á rannsóknarniðurstöðum um áhættu og bjargráð í kjölfar hamfara. Þær eru nytsamar við raunverulegar aðstæður, taka mið af þroska og aldri og veita tækifæri til þess að laga aðstoðina að ólíkum menningarheimum. Þá eru sálrænn og félagslegur stuðningur meðal meginþátta sálrænnar skyndihjálpar, auk þess að veita upplýsingar og fræðslu, að efla bjargráð einstaklinga, hópa og fjölskyldna, stuðla að tilfinningalegum stöðugleika og að tryggja öryggi. Einnig felst sálræn skyndihjálp í því að leggja mat á áhættuþætti, afla upplýsinga um þarfir og hvernig best sé að veita aðstoð auk þess að koma fólki í tengsl við þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni. Í sálrænni skyndihjálpi er gert ráð fyrir að fólk sýni margskonar skammvinn líkamleg, sálræn, eða hegðunarleg viðbrögð í kjölfar áfalla, auk þess að sum þeirra geti valdið svo miklu uppnámi að það trufli gagnleg varnarviðbrögð. Við slíkar aðstæður getur stuðningur frá hjálparstarfsmanni sem sýnir samkennd og umhyggju reynst gagnlegur (Brymer o.fl., 2006).

Í sumum tilfellum er veitt sálræna skyndihjálpi á vettvangi þar sem leitað er eftir þeim sem kunna að þarfnast aðstoðar, auk þess er leitað eftir þeim sem eru í sýnilegu uppnámi, ráðvilltir, örvæntingarfullir, sinnulausir eða tilheyra varnarlausum samfélagshópum. Í öðrum tilfellum er hún veitt á afmörkuðu svæði og þangað geta þeir sem þarfnast hennar leitað. Grundvöllur þess að geta veitt sálræna skyndihjálpi er þekking á sálrænum viðbrögðum við áföllum, auk þekkingar á uppbyggingu hjálparstarfsins sem fram fer. Þeir sem sinna sálrænni skyndihjálpi verða að meta hæfni sína til þess að takast á við slíkt starf, heilsu sína, fjölskylduaðstæður og þurfa að vera tilbúnir að hlúa að eigin heilsu á viðeigandi hátt (Brymer o.fl., 2006).

4.3.2.2. Sérhæfður stuðningur

Ef sálræn skyndihjálp reynist ekki næg er vert að leita utanaðkomandi aðstoðar fagfólks sem getur veitt einstaklingum eða hópum sálrænan stuðning þar sem unnið er úr þeim hugsunum, tilfinningum og viðbrögðum sem fólk situr uppi með í kjölfar áfalls (Margrét Blöndal, 2007). Sérhæfður stuðningur byggir á eftirfylgni fagaðila sem ætlað er að meta frekar afleiðingar áfallsins og veita sérhæfða ráðgjöf og stuðning eftir þörfum einstaklingsins. Þeir fagaðilar sem veita sérhæfðan stuðning vísa einstaklinginum til meðferðar sem við á og tryggja eftirfylgni til lengri tíma (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010) en slíkir aðilar eru í flestum tilvikum heilbrigðisstarfsmenn auk presta. Þeir sjá að mestu um mat á áhættuþáttum og eftirfylgni í áfallahjálpi (Margrét Blöndal, 2007). Eins og áður hefur komið fram eru félagsráðgjafar heilbrigðisstarfsmenn og er því mikilvægt að þeir kunni skil á einkennum, séu meðvitaðir um áhrif áfalla og kunni að vinna úr þeim áhrifum.

Áfallateymi hjá áfallamiðstöð Landspítala Háskólasjúkrahús veitir þeim sem leita til bráðamóttöku ráðgjöf, sálrænan stuðning og aðstoð við tilfinningalega úrvinnslu (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010), auk þess að beiðnir berast utan þess sviðs og utan spítalans. Áfallamiðstöð starfar samkvæmt viðbragðsáætlun Landspítala Háskólasjúkrahús í hópslysum og hamförum og veitir heilbrigðisþjónustu í landinu ráðgjöf um áföll og afleiðingar þeirra (Landspítali Háskólasjúkrahús, 2011). Þegar almannavarnarástand ríkir ber teymið ábyrgð á verkefnastjórnun áfallahjálpar innan spítalans, auk þess að virkja og veita fagfólki og sérfræðingum stuðning sem veita áfallahjálpi innan og utan spítalans (Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010).

Í kjölfar jarðskjálftans á Suðurlandi árið 2008 sendi áfallateymi út fréttatilkynningu um aðbúnað barna og mikilvægi fjölskyldutengsla. Auk þess að sérstök áhersla var lögð á að styrkja og hvetja heimamenn til að koma á laggirnar þverfaglegu áfallateymi á Selfossi og í Hveragerði sem starfaði í samvinnu. Í þeim teyimum voru fulltrúar frá heilsugæslu, félagsþjónustu, prestum og Rauða kross Íslands. Í þjónustumiðstöðvunum var veittur stuðningur og ráðgjöf en þegar þær voru lagðar niður var stuðningur veittur á heilsugæslustöðinni á Selfossi. Fræðsla var víða veitt um eftirköst áfalla, mikilvægi þess að leita sér aðstoðar og gildi samstöðu innan fjölskyldna. Auk þess að fulltrúi áfallateymis veitti upplýsingar og fræðslu um áföll,

afleiðingar þeirra og hverju fólk ætti að vera vakandi fyrir til þess að draga úr líkum á alvarlegum afleiðingum áfallsins til þeirra sem verst urðu úti í skjálftanum (Margrét Blöndal o.fl., 2008).

Dæmi um sérhæfðan stuðning er einnig viðrun og tilfinningaleg úrvinnsla á hópfundum þar sem einstaklingar segja sína sögu og unnið er að sálfélagslegum stuðningi. Með því móti er ýtt undir sjálfsstjórn fólks og öryggi. Þar með fá einstaklingarnir viðurkenningu á þeim tilfinningum sem þeir upplifa í kjölfar atburðarins. Þetta er ýmist í boði fyrir þá sem upplifðu atburðinn eða hjálparstarfsfólk (Margrét Blöndal, 2007). Við hópavinnu eru verða félagsráðgjafar að sýna fagmennsku og færni í slíku starfi. Þá er þekking á meðferðarkenningum, virkri hlustun, umorðun, samhyggð og endurgjöf eða ígrundun kostur (Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir, 2010).

4.3.3. Mikilvægi stuðnings við hjálparstarfsmenn

Miklar kröfur eru gerðar til hjálparstarfsmanna við neyðaraðstoð í kjölfar hamfara og fyrir mörgum gengur neyðaraðstoð framur öllum skyldum og verkefnum. Hjálparstarfsmenn verða vitni að margskonar mannlegum harmi, auk þess að umhverfis- og vinnuaðstæður geta verið erfiðar (Cronin, Ryan og Brier, 2007) en slíkar vinnuaðstæður telur Newburn (1993) geta haft gífurleg áhrif á hjálparstarfsmenn í starfi og einkalífi.

Aukin áhersla hefur verið lögð á að mæta sálfræðilegum þörfum hjálparstarfsmanna í hamförum. Flestir hjálparstarfsmenn upplifa eðlileg streituvíðbrögð á tímum hamfara og geta þau víðbrögð stuðlað að persónulegum vexti. Fjöldi rannsókna hafa bent til þess að einn af hverjum þremur hjálparstarfsmönnum upplifi einhverntíma alvarleg streitueinkenni við aðstoð á hamfarasvæði (Cronin o.fl., 2007). Charles Figley (1995) segir hjálparstarfsmenn líklega til þess að þróa með sér samúðarstreitu (*e. compassion stress*) við hjálparstörf. Slík streita er eðlileg afleiðing þess að vita af því áfalli sem skjólstaðingur hefur orðið fyrir og einkenni hennar geta verið hjálparleysi, uppnám og einangrun. Þegar samúðarstreita er viðvarandi og alvarleg getur hún þróast í samkenndarþreytu (*e.compassion fatigue*) en hún einkennist af örmögnun og vanvirkni á líffræðilegan-, lífeðlislegan- og tilfinningalegan hátt vegna

langvarandi samkenndastreitu (Cronin o.fl., 2007). Auk streitu geta hjálparstarfsmenn glímt við geðrænan vanda á borð við þunglyndi og áfallastreituröskun. Ásdís Eir Símonardóttir (2009) kannaði líðan 227 björgunarsveitamanna í kjölfar þungbærrar lífsreynslu og varnarviðbrögð þeirra. Slys og náttúruhamfarir voru nánast einu atburðirnir sem tengdust þungbærri reynslu við björgunarsveitastarf og í ljós kom að af þeim 99 sem höfðu upplifað áfall í tengslum við björgunarsveitarstarf uppfylltu 7,1% þeirra viðmið um áfallastreituröskun, auk þess að 5% sýndu þunglyndiseinkenni yfir viðmiðum. Niðurstöður Ásdísar gefa góða mynd af líðan íslenskra björgunarsveitamanna en þær er ekki hægt að yfirfæra yfir björgunarsveitamenn landsins. Raphel (1986) segir hjálparstarfsmenn oft sýna einkenni áfallastreitu í kjölfar áfalla og telur þá oft vera falin fórnarlömb hamfara og áfalla. Þá hafa rannsóknir einnig bent til þess að endurtekin áhrif af áföllum geta aukið líkur þess að hjálparstarfsmenn þrói með sér áfallastreituröskun (Ursano o.fl., 2001).

Þegar miklar líkur eru á mannlegum þjáningum, meiðslum og mannfalli er einkar mikilvægt að boðið sé upp á sálrænan stuðning og íhlutanir fyrir starfsmenn. Slíkar stuðningsaðgerðir eru til þess fallnar að koma í veg fyrir og draga úr andlegri vanlíðan, að styðja og halda starfsfólki og að aðstoða hjálparstarfsmenn við að veita þolendum þjónustu af bestu gerð (Cronin ofl., 2007). Samkvæmt Hodkinson og Stewart (1991) leita fáir fagmanna í áfallateymum eftir faglegri aðstoð. Samstarf í hópum getur reynst vel og geta starfsmenn þá leitað til hvors annars eftir stuðningi og jafnvel getur einn hjálparteymishópur beint starfi sínu að líðan starfsmanna. Persónuleg þjónusta skiptir þar gífurlegu máli (Newburn, 1993). Í sumum tilfellum reynist hópfundur góð leið til þess að veita félagastuðning (Margrét Blöndal, Eyrún Jónsdóttir, Jóhann Thoroddsen, Anna Björg Aradóttir og Víðir Reynisson, 2008). Formlegir einstaklings eða hópfundir undir yfirumsjón þjálfara félagsráðgjafa eða sálfræðinga hafa reynst vel í Jerúsalem, að hjálparstörfum loknum. Þar er fagmönnum gefið færi á að deila reynslu og upplifun, auk þess að vinna úr tilfinningum sínum. Þessi aðferð hefur leitt til þess að unnið er betur úr atvikinu auk þess að það byggir upp þekkingargrunn fyrir framtíðarverkefni á hamfaratímum (Yanay og Benjamin, 2005).

Félagsráðgjafar veita hvor öðrum og fagaðilum oft handleiðslu en í því felst stuðningur fyrir þá sem eru að liðsinna og bera ábyrgð á líðan og lífi annarra og mega ekki missa fótana þegar unnið er undir stöðugu álagi (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Vegna þess viðkæma og mikilvæga starfs sem hjálparstarfsmenn sinna ættu þeir alltaf að teljast til markhóps í stoðþjónustu (Cronin o.fl., 2007) og mikilvægt er að stuðningur við þá gleymist ekki.

4.4. Endurreisn samfélags og einstaklinga

Rannsóknir hafa sýnt að samfélög með mörgum viðkvæmum einstaklingum, fötluðum eða fátækum eru viðkvæmari fyrir langtíma hnignun af völdum hamfara og þessir hópar og samfélög þjást oft af áfallastreituröskun og annarskonar geðheilsuvanda, fötlun, fjölskyldusundrun, skorti á aðgangi að hjálparþjónustu og samfélagslegri upplausn (Pyles, 2007; Zakour, 1996a). Því er mikilvægt að hjálparúrræði séu enn til staðar jafnvel nokkrum árum eftir áfallið þar sem vitað er til þess að áhrif áfalla geta komið fram hjá fólki langt eftir að atburðurinn átti sér stað (Newburn, 1993). Lítið er um gögn sem fjalla um langtímaáhrif hamfara á lítil og fátæk samfélög en reynslan hefur sýnt að fólk verður háðara stuðningi annarra í kjölfar eigna- og fjárhagstaps, í það minnsta tímabundið (Soliman og Rogge, 2001). Til dæmis má nefna að tugir fjölskyldna þörfnuðust húsnæðisaðstoðar í kjölfar Suðurlandsskjálftanna árið 2000 og urðu bráðabirgðalausnir oft langvarandi (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008).

Þegar hinum almennu björgunarstörfum er lokið og hjálparsveitir fara af vettvangi hefst tíminn þar sem huga þarf að félagslegri aðstoð (*e. caring for the human outcomes*) (Yanay og Benjamin, 2005). Brýnt er að þeir sem bregðast við náttúruhamförum geri sér grein fyrir líklegri áorkan náttúruhamfara á andlega líðan fólks og viti hvernig skuli bera sig að allan þann tíma sem endurreisn samfélags og einstaklinga kann að taka (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008). Grundvallarþáttur bata í kjölfar hamfara er endurbyggingarferlið og samfélagsþróunarstigið (*e. community development phase*) en sá þáttur virðist oft gleymast (Pyles, 2007).

Rauði krossinn tekur virkan þátt í uppbyggingu samfélagsins eftir að áfallið er liðið (Sólveig Þorvaldsdóttir o.fl., 2008), auk þess að hlutverk sveitarfélaga er stórt. Hér að neðan verður greint frá því hvaða hlutverkum Sveitarfélög þurfa að gegna og hvaða þjónustu þau standa fyrir. Einnig verður hlutverkum félagsráðgjafa í starfi hjá sveitarfélögum á síkum stundum gerð skil .

4.4.1. Endurbygging samfélags

Eins og minnst var á hér að ofan er endurbyggingarferlið og samfélagsþróunarstigið grundvallar þáttur í bata samfélaga (Pyles, 2007). Endurbyggingu samfélags er ekki lokið fyrr en samfélagið hefur náð sínum fyrri styrk og fyrri verkefnin sem unnið hefur verið að eru orðin hluti af daglegu lífi (Ragnheiður Hergeirsdóttir, 2008). Yfirlit yfir rannsóknir og rit á sviði félagsráðgjafar hafa gefið til kynna að félagsráðgjöf sé minna viðriðin á þessum stigum (e. *phase*) heldur en í áfallahjálp og samhæfingu sálrænna hjálparstarfa, þrátt fyrir að félagsráðgjöf felist í sálfélaglegum inngripum. Þá reynist fagstéttin hafa veitt félagslegri þróun við enduruppbyggingu í kjölfar hamfara mjög takmarkaða athygli (Pyles, 2007).

Pyles (2007) telur fáa félagsráðgjafa hafa starfað við samfélagsskipulagningu (e. *community organizing*) í kjölfar hamfara og að þar liggi þó nokkrar ástæður að baki. Í fyrsta lagi segir hún samfélagsskipulagningu í félagslegum þróunarmálum geta beinst að byggingarreglugerðum (e. *housing policy*), þéttbýlisskipulagi og hagfræðilegri þróun samfélagsins en félagsráðgjafar taka sjaldan þátt í slíku starfi. Í öðru lagi segir hún menntun félagsráðgjafa hafa að miklu leiti beinst að hefðbundnum kenningum um mannlega hegðun, geðræna heilsu og skipulagi stjórnsýslu og bendir hún á að til þess að efla þátttöku félagsráðgjafa í samfélagsþróun og skipulagsstarfs í kjölfar hamfara yrði menntun félagsráðgjafa að beinast meira að stoðum fagstéttarinnar, stefnumótun (e. *policy advocacy*) og hópavinnufærni sem til þarf til að byggja upp grasrótarsamtök. Ásamt því að vekja athygli nemenda í félagsráðgjöf á samfélögum og þörfum þeirra. Í þriðja lagi segir hún samfélagsskipulagningu fela í sér að virkja undirokaða kjósendur og hvetja til forystu heimamanna en oftast er erfitt að fjármagna slíkt starf og að því sé áfallahjálp og sorgarvinna í kjölfar áfalls yfirleitt sett í forgang (Pyles, 2007).

Jago (1991) fjallaði um mikilvægi skipaðar nefndar af þolendum hamfara, auk fulltrúa frá yfirvöldum sem og sveitarfélaginu. Félagsráðgjafar verða að passa uppá að notast við aðferðir sem styrkja sjálfsbjargarviðleitni þolenda í kjölfar hamfara, hvort sem um er að ræða efnislegar- eða tilfinningalegar hamfarir eða missi (Soliman og Rogge, 2001). Við endurbyggingu samfélags getur reynst hjálplegt að nýta aðferðir samfélagsvinnu en markmið þeirra eru að auka þátttöku einstaklinga við ákvarðanatöku um ýmiskonar samfélagsleg málefni ásamt því að ná fram réttindum minnihlutahópa. Í samfélagsvinnu vinna einstaklingar, samtök og hópar að því að hafa áhrif á félagsleg vandkvæði með aðstoð félagssráðgjafa og með því móti er stuðlað að breytingum á stofnunum innan samfélagsins. Í samfélagsvinnu er hlutverk félagssráðgjafa að hjálpa til sjálfshjálpar (Twelvetrees, 2002).

4.4.2. Sveitafélög

Velferðarmál, umhverfismál og efnahagsmál hafa verið þau mál sem sveitarfélög hafa einkum komið að í kjölfar áfalla á Íslandi. Lögum samkvæmt er sveitarfélögum skylt að huga að velferð, umhverfi og efnahag samfélaga og íbúum þeirra (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008). Félagssþjónusta hefur reynst mikilvæg í kjölfar hamfara, þá sérlega sú þjónusta sem félagssráðgjafar bjóða uppá (Zakour, 1996a). Samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er hlutverk félagsþjónustu að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa á grundvelli samheldni. Í 12. grein laganna er kveðið á um að sveitarfélag skuli tryggja að íbúar geti séð fyrir sér og sínum, auk þess að þjónustan skuli miða að því að ráða bót á vanda og varna því að einstaklingar og fjölskyldur komist í slíkar kringumstæður að geta ekki ráðið fram úr sínum málum sjálf. Þá segir 1. grein þessa laga að unnið skuli að markmiðum laganna með því að hvetja til sjálfsábyrgðar einstaklinga og ábyrgðar þeirra á öðrum, virða sjálfsákvörðunar rétt og efla þá til sjálfshjálpar. Einnig skuli unnið að því að bæta lífsskjör þeirra sem standa höllum fæti, að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna og vinna að framkvæmdum til þess að sporna gegn félagslegum vandamálum svo eitthvað sé nefnt. Undir félagsþjónustu heyrir þjónusta, aðstoð og ráðgjöf á ýmsum sviðum, samkvæmt 2. grein sömu laga, til að mynda félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, málefni barna og ungmenna, húsnæðismál, auk þjónusta við unglinga, aldraða og fatlaða. Þá eru markmið félagslegrar ráðgjafar

að leiðbeina og upplýsa um félagsleg réttindi, auk þess að veita stuðning vegna persónulegs og félagslegs vanda (Þingskjal 1091, 1991). Eins og áður hefur komið fram störfuðu flestir félagsráðgjafar á Íslandi við félagsþjónustu sveitarfélaga árið 2004 (Sigrún Júlíusdóttir, 2004) og því sinna þeir í mörgum tilfellum ofantöldum verkefnum. Allir málaflokkar félagsþjónustu sveitarfélaga geta orðið að verkefnum sem huga þarf að til lengri tíma í kjölfar hamfara (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008) og koma því félagsráðgjafar mikið að slíku starfi. Félagsráðgjafar spila mikilvægt hlutverk í áætlanagerð, undirbúningi og framkvæmd á siðferðislega grundvallaðri, menningarlega næmri félagsþjónustu í kjölfar hörmunga (Soliman og Rogge, 2001). Almennigur þarfnast oft aðstoðar á víðu sviði, til að mynda vegna félagstilfinningalegra erfiðleika, sjálfsmyndarkreppu, fjölskylduáfalla og kreppa vegna slysa og missis en mikilvægt er að brugðist sé hratt og vel við slíkum vandamálum til verndar einstaklinga og samfélagsins. Sum málanna þarfnast bara eins stuðningsviðtal en önnur mál kunna að þarfnast lengri úrvinnslutíma, meðferðarlegrar úrvinnslu eða persónulegs stuðnings (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir (2008) benda á að huga þurfi sérstaklega að þeim íbúum sem nýlega hafa flust til sveitarfélagsins og að mikilvægt sé að þeir telji sig vera hluta af samfélaginu í kjölfar hamfara og hefur renyslan sýnt að þegar samfélagið hefur orðið fyrir þungbærri reynslu fjölgar skyndilega í þeim hópi sem þarf að huga að.

Ísafjarðarbær hefur komið á kerfi sem tengir saman félagsþjónustu, lögreglu og Rauða kross deild Ísafjarðarbæjar og vinna þær stofnanir allar saman ef til slysa eða áfalla kemur. Bæjarfélagið veitir strax neyðaraðstoð á borð við fæði, klæði og húsaskjól ef þess gerist þörf og í kjölfarið er er veitt aðstoð við tryggingamál og að finna bráðabirgðahúsnæði svo eitthvað sé nefnt. Samræmdar aðgerðir sem slíkar hafa reynst vel á Ísafirði og er líklegt að hægt sé að styðjast við það í viðbrögðum vegna stóráfalla (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008).

Vandasamt getur reynst að veita neyðarstoð en báglega ígrunduð aðstoð getur bætt á vandann í stað þess að leysa hann. Engin stefna er til um félagsþjónustu og úthlutun nauðþurfta til almennings vegna áfalla (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008).

4.4.3. Fjárhagsstuðningur við einstaklinga og sveitarfélög

Við samfélagsleg áföll á borð við náttúruhamfarir getur öll stjórnvísla samfélagsins orðið fyrir áfalli og getur hún orðið flókin og aukin fjárútlát reynst erfið. Húsnæðismál, félagsþjónusta og fjármál eru þá efst á baugi sveitarfélagsins og falla inn í alla þá þrjá þætti sem það ber einnahlust ábyrgð á við þessar aðstæður. Möguleikar sveitarfélagsins og einstaklinga á fjárstuðningi þurfa að vera skýrir og fyrir hendi svo hægt sé að halda áfram þar sem frá var horfið (Sólveig Þorvaldsdóttir o.fl., 2008). Þolendur hamfara þarfnast oft lána, styrkja og annarskonar bóta til þess að bæta búnað, endurbyggja hús og til þess að hreinsa upp í kjölfar atburðarins. Þá þarfnast sveitarfélögin einnig fjármuna til þess að lagfæra vegi, brýr, síma- og rafmagnslínur auk þess að laga og endurheimta ýmislegt annað sem eyðilagst hefur í hamförunum (Soliman og Rogge, 2001). Það er í höndum félagsráðgjafa eins og áður hefur komið fram að aðstoða einstaklinga við að leita eftir þeirri aðstoð sem þeir eiga rétt á og er því mikilvægt að þeir viti hvert skuli leita. Merkilegt er þó að hvergi er til sjóður héraendis sem ætlaður er til hjálpar sveitarfélaga og ríkis til uppbyggingar eftir samfélagsleg áföll (Sólveig Þorvaldsdóttir o.fl., 2008) en þó geta sveitarfélög sótt um styrk frá Ofanflóðasjóði. Hann gegnir því hlutverki að veita sveitafélögum sem búa við snjóflóðahættu fjárhagslegan stuðning til að tryggja öryggi byggðarinnar (Þóra Ásgeirsdóttir Kná, 2010). Hann greiðir fyrst og fremst kostnað vegna varnarframkvæmda og fyrirbyggjandi aðgerða sem tryggja eiga öryggi íbúa á snjóflóðahættusvæðum. Sjóðurinn fjármagnar einkum kostnað vegna hættumats fyrir byggð á líklegu hættusvæði, kostnað við kaup og uppsetningu tækjabúnaðar sem notað er við rannsóknir og eftirlit með ofanflóðum. Það er þó alfarið í hlut sveitafélaganna að hafa frumkvæðið að umsókn um fjárstyrk (Umhverfissráðuneytið, 2010).

4.4.3.1. Fjárhagsaðstoð og húsnæðisaðstoð til einstaklinga

Eins og áður sagði veitir Rauði kross Íslands fjárhagsstuðning til einstaklinga og útvegar þeim klæði og fæði svo eitthvað sé nefnt. Auk þess að matarútlát má nálgast hjá ýmsum hjálparsamtökum. Í 46. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að félagsmálanefndir skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki séu færir um það sjálfir, lausnir í húsnæðismálum til að leysa úr brýnum

erfiðleikum á meðan unnið er að varanlegri úrræðum. Auk þess kveða löggin á um, eins og áður hefur komið fram, að hlutverk félagsþjónustu sé að tryggja fjárhagslegt öryggi íbúa. Þá skal sveitarfélag tryggja að íbúar geti séð fyrir sér og sínum, auk þess að þjónustan skuli miða að því að ráða bót á vanda og varna því að einstaklingar og fjölskyldur komist í slíkar kringumstæður að geta ekki ráðið fram úr sínum málum sjálf (Þingskjal 1091, 1991). Sveitarfélögin veita því oft einstaklingum fjárhagsaðstoð á erfiðum tímum, en það er þegar einstaklingar hafa sótt rétt sinn til allra annarra bjarga.

Ef til náttúruhamfara kemur geta einstaklingar sótt rétt sinn til bóta hjá Viðlagatryggingu Íslands. Hlutverk hennar er að bæta tjón á öllum brunatryggðum húseignum og lausafé sem er tryggt sem eignatrygging (Viðlagatrygging Íslands, e.d.b; Viðlagatrygging Íslands, e.d.c). Þau tjón sem falla undir viðlagatryggingu eru tjón af völdum eldgoss, jarðskjálfta, skriðufalla úr fjalli eða hlíð, snjóflóða eða vatnsflóða þegar ár eða lækir flæða skyndilega yfir bakka eða flóðbylgjur ganga á land en eru ekki reglubundin (Viðlagatrygging Íslands, e.d.a). Ef tjón af völdum náttúruhamfara fæst ekki bætt úr váttryggingasjóðum, né viðlagatryggingu geta einstaklingar sótt rétt sinn til Bjargráðasjóðs. Hann skiptist annarsvegar í almenna deild sem veitir fjárhagsaðstoð vegna meiriháttar tjóna af völdum náttúruhamfara á eignum og hinsvegar búnaðardeild sem bætir meiriháttar tjón á búfé, búfjárafurðum og uppskeru garðávaxta af völdum sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa (Herdís Sigurjónsdóttir, 2008).

4.5. Virkjun skynsemi meðal fjölmiðla

Áhugi fjölmiðla á þolendum hamfara hefur bæði kosti og galla í för með sér og vekur sá áhugi oft upp spurningar um reisu einstaklinga, einkalíf og trúnað. Umfjöllun þeirra leiðir oft til þess að vakin sé athygli á þörfum þolenda og áhrifum hamfara en einnig að gengið sé á rétt þolenda til einkalífs (Richman, 1997; Robinson, 2000). Þá geta fjölmiðlar einnig viðhaldið þjáningu þolenda með því að einblína á dramatískar fréttir um dauðsföll, meiðsli, skemmdir og missi tengdan hamförunum í stað þess að fjalla um þarfir þeirra (Soliman og Rogge, 2001). Þá geta þeir einnig skapað mikinn glundroða og skelfingu meðal aðstandenda og áhorfenda (Newburn, 1993).

Í kjölfar hamfara er hlutverk félagsráðgjafa að virkja skynsemi meðal fjölmiðla til verndar réttinda þolenda og einnig réttar samfélagsins til upplýsinga (Soliman og Rogge, 2001). Ef vandað er til verka geta félagsráðgjafar og ýmsir fagaðilar nýtt fjölmiðla til góðs, til lengri tíma litið, með því að fá þolendur til þess að horfast í augu við það sem gerðist og til þess að tjá sig um atburðinn. Einnig er hægt að nýta fjölmiðla til þess að fólk átti sig á því hver atburðarrásin var og hvað átti sér í raun stað (Newburn, 1993).

Fjölmiðlar sinna einnig einskonar eftirlitshlutverki þar sem þeir gefa út upplýsingar um frammistöðu stofnana sem bregðast við neyðartilfellum og reyna stofnanir eftir fremsta megni að leiðrétta almenn mistök og að bregðast við hamförum á skilvirkari hátt en ella. Slíkt álag getur hinsvegar einnig leitt til aukinnar óreiðu innan stofnananna og framkallað innri átök, auk þess að magna kvíða og tortryggni þolenda í garð stofnanabjónustu (Soliman og Rogge, 2001). Rannsakendur eru ósammála um það hve mikil áhrif umfjöllun fjölmiðla hafa á íhlutanir á tímum mannlegrar kreppu (*e. humanitarian crisis*) (Robinson, 2000).

5. Viðbrögð félagsráðgjafa við samfélagslegum áföllum

Félagsráðgjafar hafa gegnt veigamiklu hlutverki í kjölfar samfélagslegra hamfara sem fagmenn og sjálfbóðaliðar á einstaklings- og samfélagsstigum (Zakour, 1996a). Þeir geta gripið inn í aðstæður á ýmsum sviðum, til að mynda í fjölskylduaðstæður, samfélagsaðstæður og í stefnumótun. Afskipti félagsráðgjafa og samráð þeirra byggir alltaf á gildum og siðareglum félagsráðgjafa, auk þeirrar reynslu og meginreglum sem rannsóknir á neyðaraðstoð hafa leitt í ljós (Tan o.fl., 2007). Í siðareglum félagsráðgjafa kemur skýrt fram að helsta hlutverk þeirra sé að efla mannlega velferð og að mæta grundvallarþörfum allra, með sérstakri áherslu á þarfir og valdeflingu þeirra sem eru viðkvæmir fyrir, lifa í fátækt eða eru undirokaðir (Mathbor, 2007).

Markmið félagsráðgjafa á tímum samfélagslegra áfalla eru að draga úr varnarleysi einstaklinga og samfélaga (Sullivan, 2008). Þá bendir Rogge (2003) á að félagsráðgjöf á slíkum tímum beinist að íhlutun í félagslegu- og líkamlegu umhverfi einstaklinga og hópa (Sullivan, 2008) en tilgangur þess er að hindra eða draga úr félagslegum, heilsufarslegum og geðheilsulegum vandamálum af völdum þeirra til lengri tíma (Sullivan, 2008). Grundvallargildin sem félagsráðgjafar nýta í slíku starfi eru virðing, sæmd, sjálfsákvörðunarréttur, réttlæti og málsvörn (Soliman og Rogge, 2001).

Af því sem áður hefur verið greint frá gefur að skilja að íhlutanir félagsráðgjafa í kjölfar samfélagslegra áfalla hafa einkum beinst að áhrifum slíkra atburða á einstaklinga, fjölskyldur, samtök og samfélög þar sem helstu áhyggjuefnin hafa til að mynda verið áfallastreita, úrræði fyrir þá sem minna mega sín og viðkvæma samfélagshópa, auk samhæfingar ýmiskonar bjargarúrræða (Zakour, 1996a).

5.1. Gildi faglegs undirbúnings í námi og starfi

Þegar hamfarir af mannavöldum eða náttúruhamfarir dynja yfir eru félagsráðgjafar oft í fremstu víglínu að takast á við mikla mannlega eynd (Tan, Rowlands og Hall, 2007). Félagsráðgjafar standa oft frammi fyrir margskonar vanda sem þeir eru ekki undirbúnir og verða þeir að bregðast við með miklum hraða og skilvirkni, þrátt fyrir að vita hugsanlega lítið um aðstæður (Newburn, 1993). Ringulreiðin og stormasama umhverfið sem skapast hefur getur haft áhrif á hæfni hvers sem er til þess að starfa á

yfirvegaðan og faglegan hátt og eru félagsráðgjafar því ekki undanskyldir, sérstaklega ef um marga þolendur er að ræða. Við aðstæður sem slíkar verða félagsráðgjafar að nýta alla sína persónulegu og faglegu burði og eru sjálfstjórn, yfirvegum og skilningur (e. *awareness*) grundvallaratriði í þeim málum (Yanay og Benjamin, 2005). Félagsráðgjafar verða að leggja mat á það hvaða nálgun reynist best til þess að greiða fyrir gagnkvæmu og virðingarfullu sambandi við einstaklinga og fjölskyldur við aðstoð í kjölfar hamfara en notkun rétttra meðferðarleiða er mjög mikilvæg (Soliman og Rogge, 2001).

Mathbor (2007) telur mikilvægt að félagsráðgjafar séu viðbúinir hamförum (e. *disasters*), í stað þess að bíða uns þær eigi sér stað. Þá telur hann hamfarastjórnun eiga að vera hluta af námskrá í kennslu félagsráðgjafa svo næsta kynslóð félagsráðgjafa verði þjálfuð og viðbúin því að grípa inn í aðstæður á tímum hamfara á áhrifaríkan hátt. Auk þess telur hann þróun á áframhaldandi þjálfun vera þarfa fyrir starfandi félagsráðgjafa, sérstaklega þá sem búa á landssvæðum sem náttúruhamfarir eiga sér reglulega stað. Hér á Íslandi sækja félagsráðgjafarnemar ýmis námskeið sem tengjast starfi félagsráðgjafa á tímum hamfara í námi þeirra til BA gráðu. Sem dæmi má nefna námskeið um áföll, sorg og sálræna skyndihjálp, stjórnun og samfélags- og verkefnavinnu, auk námskeiða sem fjalla um hinar ýmsu kreppu- og þroskakeningar (Háskóli Íslands, e.d). Einnig er dýpkuð þekking nema á áföllum og kreppum í faginu „Kreppukenningar og áfallavinna“ í framhaldsnámi til starfsréttinda. Í námskeiðinu er fjallað um kreppuhugtakið frá ólíkum sjónarhornum og það tengt störfum félagsráðgjafa, auk þess að fjallað er um forvarnarstarf og fræðslu í tengslum við áföll og afleiðingar áfalla á líf fólks. Námskeiðið er hannað með það að leiðarljósi að undir lok þess kunni nemendur skil á kenningum, hugtökum og fræðapróun á sviði kreppuviðbragða, áfallastreituröskunar og meðferðarvinnu. Auk þess að þeir hafi þekkingu á líklegum áhrifum áfalla á líf fólks og geti beitt aðferðum félagsráðgjafar á sviði kreppuviðbragða og áfallastreituröskunar svo eitthvað sé nefnt (Háskóli Íslands, 2010).

Eins og að framan hefur verið komið er menntun og undirbúningur félagsráðgjafa í starfi gífurlega mikilvægur og að þeir búi yfir hæfni til þess að takast á við samfélagsleg áföll (Soliman og Rogge, 2001). Aukinn skilningur á hamförum leiðir til

bættra inngripa félagsráðgjafa við slíkar aðstæður og bætir þekkingu félagsráðgjafa á hamförum og afleiðingum þeirra. Þekking á hamförum er mikilvæg félagsráðgjöfum, stjórnendum og stefnumótunaraðilum því margir þeirra spila stórt hlutverk í neyðaraðstoð (*e. disaster relief services*) á tímum hamfara (Zakour, 1996a). Gillespie, Colignon, Banjeree, Murty og Rogge (1993) telja enn fremur að mikilvægt sé að þeir sem veiti félagsþjónustu og bregðist við neyðartilfellum séu viðbúnir hamförum, því lélegur undirbúningur geti haft áhrif á gæði þjónustu til þolenda (Soliman og Rogge, 2001) og því er Newburn alfarið sammála (1993). Þróun vettvangsþjálfunar félagsráðgjafanema og aukin þekking félagsráðgjafa á sálfélaglegri íhlutun á hamfaratímum er nauðsynleg fyrir árangursríkt starf á þessu sviði félagsráðgjafar, sem sífelld verður mikilvægara (Tan o.fl., 2007). Yanay og Benjamin (2005) halda því fram að til þess að félagsráðgjafar geti starfað á áhrifaríkan hátt í neyðartilvikum verði þeir að búa yfir sérstakri þekkingu, viðmóti og færni sem er ekki endilega hluti af menntun og þjálfun þeirra. Imre (1989) lagði áherslu á mikilvægi umhyggju og mannlegra samskipta til þess að framkvæma áhrifaríkar íhlutanir og hélt hún því fram að á tímum stórfelldra eða persónulegra hamfara væru félagsráðgjafar skyldugir til þess að bregðast við þörfum þolenda og sýna þeim umhyggju. Hún sagði félagsráðgjafa sinna siðferðislegum skyldum sínum gagnvart þolendum hamfara á þann hátt að ná tengslum við þá og að fá samtaka- og samfélagsúrræðum framgengt til verndar réttinda þeirra (Soliman og Rogge, 2001).

Spiorin (1987) telur hið miðlæga hlutverk félagsráðgjafa í kjölfar stórfelldra samfélagslegra áfalla vera lítið þekkt utan starfsstéttarinnar sjálfar (Zakour, 1996a) og segir Newburn (1993) þjónustuna ekki hafa verið nægilega vel skipulagða fram að þessu. Þá telur hann að siðferðisleg málefni og siðareglur félagsráðgjafa í slíku starfi hafi ekki heldur verið nægilega skilgreind og að það þurfi að bæta. Yanay og Benjamin (2005) segja ennfremur viðurkenningu á áfallahjálpi sem hluta af starfi félagsráðgjafa skorta.

5.2. Að mæta þeim sem hafa mesta þörf fyrir þjónustu

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægasta hlutverk félagsráðgjafa í hamförum (*e. disasters*) að draga úr varnarleysi samfélaga og einstaklinga (Cutter, 1996).

Skilgreining félagsráðgjafa á varnarleysi (*e. vulnerability*) er gerð með tilliti til einstaklinga og samfélaga þar sem varnarleysi vísar til félagslegra skipulagsþátta sem auka líkur þess að einstaklingar þjáist alvarlega og til lengri tíma á félagslegan, sálfræðilegan og heilsufarslegan hátt í kjölfar hamfara (Thomas og Soliman, 2002).

Félagsráðgjöfum er mjög annt um að tryggja velferð þeirra sem minna mega sín og viðkvæmra samfélagshópa (*e. disadvantaged and vulnerable populations*) og hefur reynslan sýnt að aldraðir, börn, fatlaðir, lítið menntaðir og einstaklega tekjulágt fólk eru einstaklingar og samfélagshópar sem eru með þeim viðkæmstu í hamförum. Þá hafa þeir samfélagshópar reynst ófærari en aðrir í að bregðast við hamförum og að ná sér í kjölfar þeirra. Auk þeirra einstaklinga og samfélagshópa sem eru í hættu á því að upplifa annarskonar sálfélagsleg vandamál eru fyrr taldir einstaklingar í áhættuhópi á því að verða fyrir miklum og langtíma áhrifum af völdum hamfara (Zakour, 1996a). Fjöldi ritaðra heimilda um hamfarastjórnun (*e. disaster management*) hafa ítrekað það að viðkvæmir samfélagshópar séu þeir sem þjást mest í kjölfar hamfara (Mathbor, 2007) en slíkar rannsóknir eru afar takmarkaðar hér á landi (Guðný Björk Eydal og Guðrún Árnadóttir, 2004).

Starf félagsráðgjafa með viðkæmum einstaklingum og hópum leggur áherslu á styrkjandi aðferðir (*e. strength-based approach*) en íhlutanir á hamfaratímum og niðurstöður rannsókna í félagsráðgjöf hafa sýnt að stuðla beri að notkun slíkra aðferða (Zakour, 1996a). Ef í ljós kemur að þörfum sérstaks hóps þolenda sé ekki mætt fyllilega, vegna félagslegrar stöðu þeirra eða einkennum, verða félagsráðgjafar að tala máli þeirra og tryggja að jafnrétti ríki. Málsvörn felst í því að félagsráðgjafar upplýsi aðra um siðferðisleg málefni og hvetji til fullnægjandi og sanngjarnar þjónustu (Soliman og Rogge, 2001).

5.2.1. Fátækir og félagslega einangraðir einstaklingar

Mary E. Rogge sagði árið 2003 einstaklinga verða félagslega varnarlausari því lægri sem félagshagfræðileg (*e. socioeconomic*) staða þeirra væri (Zakour, e.d.). Tveir mikilvægustu félagslegu áhrifaþættirnir reynast vera félagsleg einangrun og fátækt. Fátækt og skortur á kaupgetu heimila geta leitt til þess að einstaklingar verði ólíklegri til að jafna sig á efnislegum og heilsufarslegum áhrifum hamfara. Þessir einstaklingar

eru ólíklegri til þess að hafa tryggingu sem nær yfir þann missi sem hamfarir valda, geta búið yfir takmörkuðum tekjum og átt í erfiðleikum með að greiða af lánum sem þeir neyðast til þess að taka í kjölfar þeirra (Sanders, Bowie og Bowie, 2003). Shelby og Tredinnick (1995) komust að þeirri niðurstöðu að eldri einstaklingar stóðu frammi fyrir því í kjölfar fellibylsins Andrew að búa ekki yfir nægum fjárstyrk til þess að vera færir um að endurbyggja það líf sem þeir misstu í hamförunum. Misjafnt er hversu vel í stakk búnir einstaklingar eru til að takast á við efnahagslegan skaða af völdum náttúruhamfara en reynslan sýnir að þeir efnuðu standi betur að vígi en þeir fátækari og að þeir eigi auðveldara með að byggja upp að nýju og að hlúa að sínum nánustu. Skaðinn getur orðið svo mikill að einstaklingarnir nái ekki aftur sínum fyrri lífsgæðum og gífurlegt fjárhagslegt tap einstaklings getur haft áhrif á allt samfélagið (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008). Samkvæmt Sanders og félögum (2003) hafa rannsóknir leitt í ljós að heilsufarsaðstæður sem eru til staðar fyrir hamfarir verða oft ýktari í kjölfar hamfara og skortur á ráðstöfunartekjum gerir það að verkum lágtekjufólk hefur ekki efni á heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu.

Félagsleg einangrun er oft nátengd tekjum en félagsleg einangrun gagnvart nágrönnum, ættingjum og formlegum stofnunum leiðir til þess að einstaklingar og heimili verða ófær um að virkja félagsauð sinn til þess að ná bata í kjölfar hamfara. Þá eiga einangraðir einstaklingar erfitt með að nálgast upplýsingar sem geta aðstoðað þá við að taka ákvarðanir um brottflutning og að sækjast eftir neyðaraðstoð (*e. relief services*) hjá formlegum stofnunum. Þessum einstaklingum skortir félagslegan stuðning og tengslanet, annað hvort tengslanet við ættingja og nágranna eða við stofnanir og þar á meðal þær sem veita séraðstoð (Sanders o.fl., 2003).

Þeir einstaklingar sem búa að sterku félagsneti fjölskyldu og vina standa mun betur að vígi en þeir sem búa yfir takmörkuðum tengslum. Þá ber að geta að íbúar af erlendu bergi brotnir tilheyra oftast en ekki síðari hópnum og má áætla að sá hópur fari stækkandi samhliða fjölgun nýbúa á Íslandi. Sá hópur þarfnast oft sérstakrar aðstoðar á hamfaratímum, sérlega ef þeir hafa ekki vald á íslenskri tungu (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008).

5.2.2. Eldri borgarar

Fræðigreinar um eldri einstaklinga og hamfarir voru fyrst og fremst skrifaðar um miðbik áttunda áratugarins og fram á þann níunda en fáar rannsóknir hafa fært nýja þekkingu í málaflokkinn á undanförunum áratugum. Eldri borgarar upplifa oft sálfræðilega og tilfinningalega streitu í kjölfar náttúruhamfara og hefur henni verið veitt mikil fræðileg athygli (Sanders o.fl. 2003). Massey (1997) segir eldri borgara í mikilli hættu á að upplifa líkamlegan, andlegan og tilfinningalegan skaða, auk þess að fá ekki þörfum sínum fullnægt í kjölfar hamfara (Sanders o.fl., 2003). Einnig segja Sanders og félagar (2003) aldraða oft mjög félagslega einangraða og að það geti leitt til þess að þeir nái síður bata í kjölfar hamfara, eins og að ofan hefur komið um félagslega einangraða einstaklinga (Sanders o.fl., 2003).

Eldri borgarar hafa verið flokkaðir sem einn af þeim samfélagshópum sem eru í hvað mestum áhættuhópi og þarfnast stuðnings og íhlutunar í kjölfar hamfara (Sanders, o.fl., 2003). Í grein Sanders og féлага (2003) er fjallað um helstu ástæður þess að eldri borgarar séu í sérstökum áhættuhópi og vísa höfundar í fjölda fræðilegra greina frá fyrrgreindu tímabili. Þar kemur meðal annars fram að samkvæmt Choen og Poulshock (1988) og Friedsam (1961) séu eldri borgarar ólíklegri en aðrir til þess að yfirgefa heimili sín eftir að viðvaranir hafa verið gefnar út. Einnig benda niðurstöður Bolin og Kenlow (1983) og Lifton og Olsen (1976) til þess að eldri borgarar séu oft búsettir í óöruggum byggingum og að þeir upplifi meira sálrænt og tilfinningalegt áfall vegna missis í tengslum við hamfarir. Þá segja Kiljanek og Drabek (1979) enn fremur að ólíklegri sé að eldri þolendum sé veitt aðstoð í kjölfar hamfara en yndgri þolendum (Sanders, o.fl., 2003).

Vegna þess ástands sem náttúruhamfarir valda í samfélaginu neyðast margir einstaklingar, þar á meðal eldri borgarar, til þess að flytja. Þá benda rannsóknir til þess að í kjölfar þvingaðra flutninga vegna náttúruhamfara, upplifi eldri borgarar tilfinningadoða, kvíða, sorg, örvæntingu, og vandamál með svefn, hugsun og ákvarðanatöku (Gerrity og Steinglass, 1994). Samkvæmt Johnson (1996) breytist ekki aðeins umhverfi einstaklingsins heldur daglegt lífsmynstur, félagsleg tengslanet og stuðningur í kjölfar flutninga og getur það leitt til þess að flutningarnir séu eldri einstaklingum erfiðir (Sanders o.fl., 2003). Það að eldri einstaklingum sé veittur

félagslegur stuðningur er afar mikilvægt, sérstaklega ef þeir standa frammi fyrir flutningum sem bera fljótt að vegna áfalla og hafa félagsleg stuðningskerfi reynt hafa mikil áhrif á sálræna líðan þolenda hamfara. Félagsráðgjafar sem sérhæfa sig í öldrunarfræðum eru oft í fremstu víglinu í þjónustu við eldri borgara sem neyðast hafa til þess að flytjast búferla vegna náttúruhamfara og taka þeir á þeim langtímavanda sem þvingaðir flutningar geta haft í för með sér (Sanders o.fl., 2003)

5.2.3. Börn

Börn eru einnig einn af mikilvægustu hópunum sem þarfnast sérstakrar aðgæslu í hamförum og eru þau sá hópur sem einna mest hefur verið rannsakaður af félagsráðgjöfum við slíkar aðstæður (Zakour, e.d.). Samkvæmt rannsókn Rogge frá árinu 2000 eru börn sem búa við fátækt og lélegar félagslegar og umhverfislegar aðstæður í hvað mestum áhættuhópi í hamförum (Zakour, e.d.). Rogge greindi frá því í grein sinni árið 2003 að börn eru sérstaklega varnarlaus vegna þess hve háð þau eru fullorðnum umsjónaraðilum sínum hvað varðar það að komast af og að ná bata. Vegna þess að þau eru að þroskast á líffræðilegan hátt eru börn einnig mjög varnarlaus fyrir umhverfis- og tæknihamförum (Zakour, e.d.).

Rannsóknir varðandi forvarnir hafa beinst mikið að börnum vegna þess hversu næm þau eru fyrir streituvöldum í umhverfi og hversu líkleg þau eru til þess að þróa með sér langtíma vandamál ef ekki er tekið á tilfinningalegum vanda þeirra tímanlega (Zakour, e.d.). Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir (2008) segja reynslu íbúa Vestfjarða í kjölfar snjóflóðanna 1995 sýna gildi þess að börnum og unglingum sé veitt liðsinni við að vinna sig út úr áföllum. Þær segja að mikilvægt sé að leggja áherslu á að koma reglu á líf barnanna sem fyrst og að ráða skuli fleiri kennara hið fyrsta ef nauðsyn krefur. Þær ítreka gildi þess að starfsmenn séu meðvitaðir um hvernig skuli umgangast börn undir slíkum kringumstæðum. Þær eru einnig á því máli að huga þurfi sérstaklega að því að efla starfsemi æskulýðs- og íþróttamála sem lið í uppbyggingu samfélaga í kjölfar náttúruhamfara og að samtímis verði að hafa í huga að ekki henti öllum börnum sömu úrræðin.

5.2.4. *Aðrir viðkvæmir samfélagshópar*

Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem eru í hvað mestri hættu á að þróa með sér kvilla í kjölfar áfalla eru þeir sem verða vitni að dauðsfalli og þá sérlega einhvers nákomins, einstaklingar sem skorta félagslegan stuðning, þeir sem eru í einhverskonar kreppu, hafa lent í alvarlegum áföllum áður eða misstu heimili sín í atburðinum (Margrét Blöndal, 2007). Börn eru einnig í áhættu, ásamt mæðrum ungra barna, unglingar sem sækjast í áhættu, þeir sem eru veikir á geði, fatlaðir og aldraðir. Þá er afar mikilvægt að sinna þessum aðilum sem best og veita þeim góða eftirfylgd (Brymer o.fl., 2006). Að auki eru konur viðkvæmari en karlar eins og fram kom hér að ofan og eru þær líklegri en karlar til þess að þróa með sér áfallastreituröskun (Kessler o.fl., 1995). Því gefur það augaleið að sinna þarf konum einstaklega vel í kjölfar áfalla og veita þeim mikla og góða eftirfylgd.

Rannsóknir hafa sýnt að samfélög með mörgum viðkvæmum einstaklingum, fötluðum eða fátækum eru viðkvæmari fyrir langtíma hnignun af völdum hamfara og þessir hópar og samfélög þjást oft af áfallastreituröskun og annarskonar geðheilsuvanda, fötlun, fjölskyldusundrung, skorti á aðgangi að hjálparþjónustu (e. *relief services*) og samfélagslegri upplausn (Pyles, 2007; Zakour, 1996a). Þá hafa til að mynda aldraðir, innflytjendur og börn hlutfallslega færri fulltrúa meðal tekjulágra íbúa (Sanders o.fl., 2003). Landfræðilegar hindranir auka einnig varnarleysi þeirra þar sem þeir einangrast landfræðilega frá hamfaraaðstoðarkerfinu. Þegar varnarlausir samfélagshópar neyðast til að flytjast búferlum í kjölfar hamfara missa þeir oft þau stuðningsnet sem þeir áttu hjá fjölskyldu, vinum og frjálsum félagasamtökum vegna aukinnar fjarlægðar þeirra frá þessum stuðningsnetum (Zakour, e.d.).

5.3. *Að tryggja aðgang að úrræðum*

Þeir samfélagshópar sem að ofan hafa verið nefndir eru ýmist viðkvæmari en aðrir vegna þess landsvæðis sem þeir búa á, minni fjölda stofnana sem veita neyðarþjónustu á þeim svæðum eða vegna þess að stofnanir búa hugsanlega yfir lítilli getu og lökum samskiptanetum til þess að geta þjónað þörfum þeirra. Þá skiptir aðkoma félagsráðgjafa miklu máli því þeir búa yfir hæfni til þess að líta til allra þeirra

þátta sem hafa áhrif á aðgang að þjónustu og úrræðum og spilar heildarsýnin þar stórt hlutverk (Mathbor, 2007).

Eins og áður hefur komið fram er eitt af aðahlutverkum félagsráðgjafa að auka aðgang einstaklinga að úrræðum og þjónustu og stuðlar það að aukinni velferð (Zakour, 1996a). Reynslan hefur sýnt fram á mikilvægi þess að þjónusta sé sem aðgengilegust í kjölfar hamfara því fólk á oft erfitt með að leita sér aðstoðar og hreinlega að biðja um hjálp. Við búum í samfélagi þar sem óvanalegt er að fólk leiti sé aðstoðar vegna einhverskonar sálræns vanda og hafa rannsóknir sýnt það berlega að ef þjónusta á að ná til þeirra sem þurfa hana helst eftir áföll þarf ábyrgðin að liggja í höndum þeirra sem eru að veita aðstoð en ekki þolendanna sjálfra. Þá er mikilvægt að félagsráðgjafar og aðrir sem sinna slíkum störfum geri sig sjáanlega, bjóði persónulega upp á sína þjónustu og kynni þolendum þau úrræði sem standa til boða og geri það sem fyrst (Newburn, 1993). Þá byggja helstu aðferðir félagsráðgjafa í kjölfar hamfara á þjónustustjórnun (*e. case management*), málsvörn, miðlun upplýsinga og tilvísunum til annarra fagaðila. Þeir aðstoða skjólstæðinga við að sækja þá þjónustu sem þeir þarfnast eða að uppfylla þau skilyrði sem til þarf til þess að nálgast þá þjónustu. Einnig aðstoða þeir fólk við að leita réttar síns til stuðnings við endurreisn heimila og að bæta efnislegan missi (Zakour, e.d.; Zakour, 1996a).

Samfélög eru viðkvæm ef þau búa yfir fáum félagslegum stofnunum sem eru í stakk búnar til þess takast á við afleiðingar hamfara, einkum ef stofnanir og áætlanir eru illa samræmdar (Zakour, e.d.). Í viðkvæmum samfélögum þar sem margir búa við fátækt getur verið skortur á viðbragðsáætlunum og áætlunum um mildandi aðgerðir (Zakour, 1996b). Það getur gert íbúunum erfitt nálgast þá þjónustu sem þeir þarfnast (Zakour, e.d.). Þar sem margir tekjulágir einstaklingar búa eru skatttekjur lágar en það leiðir gjarnan til þess að viðkvæmni samfélaga og einstaklinga helst í hendur (Zakour, 1996b).

Rannsakendur í félagsráðgjöf hafa lagt áherslu á fjölbreytni í aðferðum sem miða að því að bæta aðgang einstaklinga að hamfarabjónustu. Til þess að bæta aðgengi vinna félagsráðgjafar að því að koma á tengslum milli einstaklinga og nytjakerfa (*e.*

resource systems), auk þess að koma á tengslum milli kerfa (Zakour, 1996a). Rannsóknir á stofnunum og samhæfingu þeirra byggja á samskiptum á milli samfélags, stofnana, fjölskyldu, hópa og einstaklinga á ólíkum stigum, en slíkar rannsóknir voru með fyrstu kerfisbundnu rannsóknarefnum félagsráðgjafa (Zakour, 1996a). Skilvirkt og samræmt net stofnana sem veita neyðaraðstoð í hamförum aðstoðar einstaklinga, heimili og samfélög við það að ná bata og forðast langvarandi andleg og félagsleg vandamál (Zakour, 1996b). Auk þess að rannsaka stofnanir og samhæfingu þeirra á tímum hamfara rannsaka félagsráðgjafar meðal annars hamfaraáætlanir (*e. disaster planning*), viðbúnað (*e. preparedness*), viðbrögð og bataferli, á stofnana- og millistofnanastigum (Zakour, 1996a). Félagsráðgjafar virðast vera einu fagmennirnir sem starfa á nánast öllum vettvöngum sem tengjast samfélagslegum áföllum á beinan eða óbeinan hátt og hefur reynslan sýnt að félagsráðgjafar séu þeir fagmenn sem best eru í stakk búnir til þess að takast á við þær flóknu aðstæður sem oft eiga sér stað á slíkum stundum (Yanay og Benjamin, 2005).

6. Niðurlag

Ljóst er að mörgu þarf að huga í kjölfar samfélagslegra áfalla og koma félagsráðgjafar þar víða að. Samfélagsleg áföll snerta ekki einungis einstaklinga heldur heilu samfélögin eða samfélagshópa og ógna tilveru þeirra sem og öryggi. Áhrif slíkra áfalla geta verið gífurleg og geta þau valdið miklu fjárhagslegu-, eignalegu-, félagslegu- og tilfinningalegu tjóni, auk þess að mikill mannskaði getur átt sér stað. Afleiðingar samfélagslegra áfalla geta verið lengi að koma í ljós og getur mikil röskun orðið á högum einstaklinga og samfélaga.

Félagsráðgjafar hafa í starfi sínu ætíð veitt fólki umönnun og stuðning á erfiðum tímum og er aðkoma þeirra að hjálparstörfum upprunnin í áhyggjum þeirra af félagslegum, sálrænum og líkamlegum aðstæðum einstaklinga. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að félagslegu og tilfinningalegu jafnvægi og aukinni vellíðan í félagslegu- og samfélagslegu samhengi og stuðla að því að allir fái grundavallarþörfum sínum fullnægt. Í ljósi þess leikur enginn vafi á mikilvægi félagsráðgjafa á tímum samfélagslegra áfalla. Óreiðan sem verður við samfélagsleg áföll leiðir oft til þess að óvissa á sér stað um hvort grundavallar þörfum allra sé fullnægt og er mikilvægt að félagsráðgjafar séu málsvarar þeirra. Félagsráðgjafar kappkosta við það að tryggja aðgang allra að björgum og er það einkar mikilvægt á tímum samfélagslegra áfalla til þess að stuðla að sem minnstum langtímaáhrifum og að skjótum bata þolenda og samfélaga.

Félagsráðgjöf verður sífelld mikilvægari í hjálparþjónustu og er því nauðsynlegt að félagsráðgjafar nútímans séu vel meðvitaðir um áföll og afleiðingar þeirra og kunni að beita sér og sínum ráðum til hagsbóta þeirra einstaklinga sem til þeirra leita. Félagsráðgjafar eru mikilvægir á tímum samfélagslegra áfalla vegna þess hve víðsýnir þeir eru og vegna þess þekkingargrunns sem þeir búa yfir. Í námi kynnast þeir margskonar kenningum um mannlega hegðun kreppur og úrræði sem nýtist þeim í starfi á slíkum stundum. Félagsráðgjafar horfa til alls umhverfis einstaklings þegar þeir vinna að bættum aðstæðum skjólstæðinga sinna og er það einkar mikilvægt í kjölfar samfélagslegra áfalla.

Það er ljóst af niðurstöðum þessar ritgerðar að gildi sálræns stuðnings í kjölfar áfalla er afar mikið, að koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélaga og að hjálpa þeim til sjálfshjálpar, en það er eitt helsta hlutverk félagsráðgjafa. Mikilvægt er að félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar viti hvaða samfélagshópar eru í áhættuhópi á því að eiga erfitt uppdráttar í kjölfar samfélagslegra áfalla, auk þess að þekkja til einkenna sem mikilvægt er að vera vakandi fyrir. Félagráðgjafar eru færir um að nýta hópavinnu í úrvinnslu tilfinninga og hefur slíkt starf reynst vel. Mikilvægt er að einnig sé hugað að líðan þeirra sem ekki urðu beint fyrir áfallinu og er heildarsýn félagsráðgjafa þar mikill kostur. Hér á landi taka félagsráðgjafar virkan þátt í áfallahjálpi á vettvangi sem og á heilbrigðisstofnunum og í uppbyggingu í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga.

Félagráðgjafar veita þolendum aðstoð við úrvinnslu og enduruppbyggingu í kjölfar samfélagslegra áfalla og er mikilvægt að þeir greiði fyrir aðgengi þolenda að þeim björgum sem þeir kunna að þarfnast og hafa rétt á. Til þess að tryggja öllum aðgang að björgum stuðla félagsráðgjafar að aukinni getu stofnana til þess að takast á við vandann sem samfélagsleg áföll hafa í för með sér og vinna að tengslum og samræmingu milli stofnana, samtaka og einstaklinga. Mikilvægt er að félagsráðgjafar þekki vel til formlegra sem og óformlegra bjargráða samfélagsins á slíkum tímum og leiðbeini þolendum um réttindi. Með aukinni fræðslu og aðgengi einstaklinga að réttindum og björgum má stuðla að sjálfshjálp einstaklinga. Reynslan hefur einnig sýnt að nýting félagsauðs og samfélagsvinnu hefur jákvæð áhrif á tímum samfélagslegra áfalla og að það efli einstaklinga og samfélag til ábyrgðar og sjálfshjálpar í uppbyggingu.

Afleiðingar samfélagslegra áfalla geta verið mjög dýrkeyptar einstaklingum sem og heilu samfélögunum. Ljóst er að samfélagsleg áföll snerta starf íslenskra félagsráðgjafa, einkum í félagsþjónustu og á heilbrigðisstofnunum. Að mati höfundar gegna félagsráðgjafar afar mikilvægum hlutverkum í samfélagslegum áföllum og er fjölhæfni starfsstéttarinnar mikill kostur. Þar sem samfélagsleg áföll eru fremur tíð hér á landi er mikilvægt að í náminu verði enn frekar lögð áhersla á að félagsráðgjafar kunni skil á afleiðingum samfélagslegra áfalla og hæfilegum viðbrögðum við þeim.

Lítið er um fræðileg gögn á íslenska vísu um samfélagsleg áföll og afleiðingar þeirra og telur höfundur mikla þörf vera á auknum rannsóknum á sviði félagsráðgjafar í ljósi þess hve tíðar náttúruhamfarir eru hér á landi. Framþróun á viðbrögðum og áætlunum er mikilvæg á þessu sviði og er því nauðsynlegt að unnið verði að auknum rannsóknum á komandi árum. Mikilvægt er að íslenskir félagsráðgjafar láti samfélagsleg áföll sig varða og standi vörð um hag einstaklinga og samfélaga á slíkum tímum, auk þess að þekking þeirra og þjálfun fái sín notið.

Thelma Björk Guðbjörnsdóttir

Heimildaskrá

- American Psychiatric Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders : DSM-IV* (4. útgáfa). Washington DC: Höfundur.
- Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir. (2008). Ágrip af sögu Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Í Rannveig Gunnarsdóttir, Anna S. Jónsdóttir, Sigurrós Sigurðardóttir (ritstjórar), *Félagsráðgjafatal* (bls. 11-48). Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.
- Ásdís Eir Símonardóttir. (2009). *Áhrif þungbærrar lífsreynslu á líðan þjörgunarsveitarmanna á Íslandi*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Sálfræðideild.
- Ásthildur Elva Bernhardsdóttir. (2001). *Learning form Past Experiences: The 1995 Avalanches in Iceland*. Stokholm: Elanders.
- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir. (2008). Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum: Greiningarskýrsla. Í Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstjórar), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 11-74). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Bolin, R. (1993). *Household and Community Recovery After Earthquakes*. Boulder: University of Colorado.
- Brymer, M., Jacobs, A., Layne, C., Pynoos, R., Ruzek, J., Steinberg, A., Vernberg, E. og Watson, P. (2006). *Sálræn skyndihjálp, leiðbeiningar um viðurkennt verklag á vettvangi* (Berglind Guðmundsdóttir og Þórun Finnsdóttir þýddu). Sótt 14. febrúar 2011 af <http://landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3898>
- Cronin, M. S., Ryan, D. M. og Brier, D. (2007). Support for staff working in disaster situations : A social work perspective [rafræn útgáfa]. *International Social Work* 50(3), 370-382.
- Cullberg, J. (1990). *Kreppa og þroski*. Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar.
- Edda Björk Þórðardóttir. (2007). *Eftirfylgd á tíðni einkenna áfallastreituröskunar hjá þolendum snjóflóðsins í Súðavík 1995*. Óútgefin BA ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Elísabet Þorgeirsdóttir. (2009). „Lækningin er að fá að vita... hvernig þér líður er eðlilegt.“ *Upplifun af áfallaröskun og leiðir að bættri líðan*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2009). *Introduction to social work* (11. útgáfa). Boston: Pearson/Allyn and Bacon.

- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.) *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 2. febrúar 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Gerrity, E. T. og Steinglass, P. (1994). Relocation stress following natural disasters. Í Ursano, R.J., McCaughey, B. G. og Fullerton, C. S. (ritstjórar), *Individual and community response to trauma and disasters: The structure of human chaos* (bls. 220-247). Great Britain: Cambridge University Press.
- Gibson, M. og Iwaniec, D. (2003). An Empirical Study into the Psychosocial Reactions of Staff Working as Helpers to those Affected in the Aftermath of two Traumatic Incidents [rafræn útgáfa]. *British Journal of Social Work*, 33, 851-870.
- Green, B. L., Lindy, J. D., Grace, M. C. og Leonard, A. C. (1992). Chronic Posttraumatic Stress Disorder and Diagnostic Comorbidity in a Disaster Sample [rafræn útgáfa]. *Journal of Nervous and Mental Disease*, 180, 760-766.
- Guðný Björk Eydal og Guðný Árnadóttir. (2004). Earthquakes in Southern Iceland: Crisis Management and Crisis Help. Í Asthildur Elva Bernhardsdóttir og Lina Svedin (ritstjórar), *Small-State Crisis Management: The Icelandic Way*. Stokholms: Crisemart (bls. 43 – 89). Stockholm: Crisemart.
- Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir. (2010). Endurreisn samfélags – hópavinna í félagsráðgjöf [rafræn útgáfa]. *Tímarit félagsráðgjafa*, 4(1), 35-38.
- Guðmundur Ingi Kristjánsson. (1945). *Sólbráð*. Reykjavík: Snælandsútgáfan.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2001). *Staðbundin stjórnsmál : markmið og árangur sveitarfélaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gylfi Ásmundsson og Ágúst Oddsson. (2000). Áfallaröskun eftir snjóflóðin á Vestfjörðum. *Sálfræðiritið*, 6, 9-26.
- Hague, R. og Harrop, M. (2007). *Comparative Government and Politics: an introduction* (7. útgáfa). Basingstoke: Palgrave.
- Háskóli Íslands. (2010, desember). *Kreppukenningar og áfallavinna*. Sótt 26. mars 2011 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10062520110>.
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Félagsráðgjöf*. Sótt 19. febrúar 2011 af http://www.hi.is/felagsvisindasvid_deildir/felagsradgjafardeild/nam/felagsradgjof_0.

- Herdís Sigurjónsdóttir. (2008). Verkefni ríkis og sveitarfélaga: lög, reglugerðir, og sjóðir er varða viðbúnað og viðbrögð við náttúruhamförum. Í Sólveig Porvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstjórar), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 127-134). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Íris Böðvarsdóttir og Ask Elklit. (2003). Áfallaröskun og sálræn viðbrögð meðal íslenskra þolenda jarðskjálfta. *Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 8, 21-38.
- Jenson, J. M. (2005). Reflections on Natural Disasters and Traumatic Events [rafræn útgáfa]. *Social Work Research*, 29, 195-198.
- Jón Brynjar Birgisson. (2008). Samstarf um langtímaviðbrögð við náttúruhamförum. Þáttur Rauða kross Íslands. Í Sólveig Porvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstjórar), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls.135-143). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Jón Börkur Ákason, Stefán Ólafsson og Ragnar Sigbjörnsson. (2005). "...þá varð landskjálpti mikill" - Samfélagsleg áhrif Suðurlandsskjálftanna í júní árið 2000. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Borgarfræðasetur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar og Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði.
- Kessler, R. C., Sonnega, A., Bromet, E., Hughes, M. og Nelson, C. B. (1995). Posttraumatic stress disorder in the national comorbidity survey [rafræn útgáfa]. *Archives of General Psychiatry*, 52, 1048-1060.
- Koraeus, M. (2008). The Viability of Knowledge Management in Crisis. Stocholm:Crismart.
- Kilic, C. og Ulusoy, M. (2003). Psychological effects of the November 1999 earthquake in Turkey: an epidemiological study [rafræn útgáfa]. *Acta Psychiatrica Scandinavica*, 108, 232-238.
- Landspítali Háskólasjúkrahús. (2011, mars). *Áfallamiðstöð*. Sótt 6. apríl 2011 af <http://www.landspitali.is/pages/16766>.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn, félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd.
- Margrét Blöndal. (2007). *Áföll, Áfallastreita og áfallahjálp: sorg og sorgarstuðningur*. Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi: Áfallamiðstöð.

- Margrét Blöndal, Eyrún Jónsdóttir, Jóhann Thoroddsen, Anna Björg Aradóttir og Víðir Reynisson. (2008). Áfallahjálpar á Íslandi: skipulag og þróun. Í Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstjórar), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 127-134). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Mathbor, G. M. (2007). Enhancement of community preparedness for natural disasters : The role of social work in building social capital for sustainable disaster relief and management [rafræn útgáfa]. *International Social Work*, 50 (3), 357- 369.
- Newburn, T. (1993). *Disaster and After Social Work in the Aftermath of Disaster*. London: Jessica Kingsley Publishers.
- Ng, A. T. og Kantor, E. M. (2010). Psychological first aid í Stoddard, F. J., Katz, C. L. og Merlino, J. P. (ritstjórar), *Hidden Impact: What you need to know for the next Disaster – a Practical Mental Health Guide for Clinicians* (bls. 115-123). London: Jones and Bartlett Publishers International.
- Parker, R. L. (1999). *The Social Work Dictionary* (4. útgáfa). Washington DC: NASW Press.
- Popple, K. (2000). *Analysing Community Work, its theory and practice*. Philadelphia: University press.
- Putnam, R. (2000). *Bowling alone. The collaps and revival og American Community*. New York: Simon & Shulster.
- Pyles, L. (2007). Community organizing for post-disaster social development [rafræn útgáfa]. *International Social Work*, 50(3), 321-333.
- Ragnheiður Hergeirsdóttir. (2008). Erindi Ragnheiðar Hergeirsdóttur bæjarstjóra í Árborg. Í Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstjórar), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 148-152). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Richman, N. (1997). Ethical issues in disaster and other extreme situations. Í D. Black, M. Newman, J. Harris – Hendriks og C. Mezey (ritstjórar), *Psychological Trauma: A Developmental Approach*. London: Gaskell/Royal College of Psychiatrists.
- Ríkislögreglustjóri, Landlæknisembættið, Landspítali – áfallateymi, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Þjóðkirkjan. (2010, október). *Skipulag áfallahjálpar á Íslandi: Viðbragðsáætlun almannavarna*. Sótt 6. apríl 2011 af http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/104133/skipulag_afallahjalp_okt_2010.pdf?wosid=false

- Ríkislögreglustjórinn. (e.d.). *Almannavarnir*. Sótt 20. febrúar 2011 af http://almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=53.
- Ríkislögreglustjórinn. (2010, október). *Samantekt um stöðu verkefna og tillögur um aðgerðir vegna eldgosa á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli vorið 2010*. Sótt 3. apríl 2011 af http://www.almannavarnir.is/upload/files/Uppbygging_Eyjafjallasv_28%2010%202010_endanlegt.pdf.
- Robinson, P. (2000). The policy-media interaction model: Measuring media power during humanitarian crisis [rafræn útgáfa]. *Journal of Peace and Research*, 37(5), 613-633.
- Sanders, S., Bowie S. L., og Bowie, Y. D. (2003). Lessons Learned on Forced Relocation of Older Adults: The Impact of Hurricane Andrew on Health, Mental Health, and Social Support of Public Housing Residents [rafræn útgáfa]. *Journal of Gerontological Social Work* 40(4), 23-35.
- Shelby, J. S. og Tredinnick, M.G. (1995). Crisis intervention with survivors of natural disaster: Lessons from Hurricane Andrew [rafræn útgáfa]. *Journal of Counseling and Development*, 73, 491-498.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2004). Rannsókn á fræðastörfum íslenskra félagsráðgjafa. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum V: félagsvísindadeild* (bls. 343-359). Reykjavík: Háskóla Útgáfan og félagsvísindastofnun Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Inngangur. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar). *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 33-48). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd (RBF).
- Soliman, H. H. og Rogge, M. E. (2001, febrúar). Ethical Considerations in Disaster Services: A Social Work Perspective. *Journal of Social Work*, 1(1), 1-23.
- Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir. (2008). Samantekt. Í Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstjórar), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 3-5). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Tan, N. T., Rowlands, A. og Hall, N. (2007). News and Views ... from IFSW [rafræn útgáfa]. *International Social Work* 50(3), 437-440.
- Thomas, N., D. og Soilman H. H. (2002). Preventable Tragedies: Heat Disaster and the Elderly [rafræn útgáfa]. *Journal of Gerontological Social Work* 38(4), 53-66.
- Twelvetrees, A. (2002). *Community work* (3.útgáfa). Basingstoke: Palgrave og Community development foundation.

- Ursano, R. J., Fullerton, C.S. og McCaughey, B. G. (2001). Trauma and disaster. Í Ursano, R. J., Fullerton, C.S. og McCaughey, B. G. (ritstjórar). *Individual and community responses to trauma and disaster: The structure of human chaos* (bls. 3-27). United Kingdom: Cambridge University press.
- Velferðarráðuneytið. (1998). *Stefnumótun í málefnum geðsjúkra*. Reykjavík: Höfundur.
- Viðlagatrygging Íslands. (e.d.a). *Bótaskyldir tjónsatburðir*. Sótt 12. janúar 2011 af <http://www.vidlagatrygging.is/Um-vidlagatryggingu/Botaskyldir-tjonsatburdir/>
- Viðlagatrygging Íslands. (e.d.b). *Hvað er tryggt?* Sótt 12. janúar 2011 af <http://www.vidlagatrygging.is/Um-vidlagatryggingu/Hvad-er-tryggt/>
- Viðlagatrygging Íslands (e.d.c). *Viðlagatrygging Íslands*. Sótt 11. janúar 2011 af <http://www.vidlagatrygging.is/Vidlagatrygging-Islands/>
- Vinnumálastofnun. (2008). *Ársskýrsla 2008*. Reykjavík: Vinnumálastofnun.
- World Health Organization. (1992). *International statistical classification of diseases, injuries, and cause of death* (10. útgáfa). Geneva: World Health Organization.
- Yanay, U. og Benjamin, S. (2005). The role of socialworkers in disasters: The Jerusalem Experience [rafræn útgáfa]. *International Social Work*, 48(3), 263-276.
- Zakour, M. J. (1996a). Disaster Research in Social Work. Í C. L. Streeter og S. A. Murty (ritstjórar), *Research on Social Work and Disasters* (bls 7 -26). New York: The Haworth Press.
- Zakour, M. J. (1996b). Geographic and Social Distance during Emergencies: A Path Model of Interorganizational Links [rafræn útgáfa]. *Social Work Research* 20(1), 19-29.
- Zakour, M. J. (e.d.). *Social work and disasters*. Sótt 5. febrúar 2011 af <http://training.fema.gov/EMIWeb/downloads/edu/Socialworkanddisasters4.doc>.
- Þingskjal 1091. (1991). Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Alþingistiðindi –A, 113, sótt 5. apríl 2011 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html>
- Þóra Ásgeirsdóttir Kná. (2010). *Ofanflóðanefnd: Skýrsla um starfsemi nefndarinnar 2002-2008*. Reykjavík: Umhverfissráðuneytið.
- Þórólfur Þórlindsson og Stefán Hrafn Jónsson. (2009). Economic instability, social regulation and anomie. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 407-416). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.